

HELGA KRESS

# Unir auga ímynd þinni

*Landið, skáldskapurinn og konan  
í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar*

Unir auga  
ímynd þinni,  
saknar sjálfrar þó.<sup>1</sup>

## *Íslenskasta skáldið*

Í grein um Jónas Hallgrímsson sem Halldór Laxness skrifaði í Kaliforníu árið 1928 og birtist í *Alþýðubókinni* ári síðar leitast hann við að skilgreina Jónas sem íslenskt skáld og gerir að því margar atrennur. Fyrir honum er Jónas ekki aðeins „skáld íslenzkrar vitundar“ (81) og „skáld íslenzkrar náttúru“ (80), heldur einnig „krystöllun“ (79) þessa þar sem „hið bezta skáld vort“ (80) og „hið íslenzkasta skáld vort“ (80) fara saman.<sup>2</sup> „Ljóð hans eru með öðrum orðum Ísland sjálft.“ (81) Þá segir hann þessi athyglisverðu orð um samband skáldskapar og umhverfis:

Þótt nærri láti öfugmælum í íslenzkum eyrum, þá er það samt stórborgin, sem fóstorað hefir skáldgáfu Jónasar Hallgrímssonar og komið henni til þroska, og er hann í því engin undantekning frá öðrum stórskáldum heims. Stórskáld eru æfinlega undir áhrifum borgalífsins eða annarra stórra staða í andstöðumerkingu við sveitirnar, — das Land. (94)

Þegar Halldór skrifar þetta er hann sjálfur, eins og hann orðar það, staddur „í milljónaborg öfugu megin á hnettinum“ (78), það er að

---

1 Jónas Hallgrímsson 1965:41.

2 Halldór Laxness 1929. Hér og síðar er vísað í þessa fyrstu útgáfu *Alþýðubókarinnar* með blaðsíðutali í sviga aftan við tilvitnun í meginmáli.

segja í Los Angeles, og það er augljóst að hann samsamar sig Jónasi og aðstæðum hans þarna við upphaf eigin skáldskaparferils. Orð hans minna á kenningar þýska bókmenntafræðingsins Theodors W. Adorno um ljóðagerð 19. aldar sem hann telur sprotna af andófi gegn vaxandi hlutgervingu samfélagsins og firringu mannsins frá náttúrunni. Í bestu ljóðunum, og þeim ljóðrænustu, segir hann, kemur fram draumur skáldsins um heim sem er öðruvísi.<sup>3</sup> Þannig sýni hið lýríska sjálf sem í ljóðunum talar hvort tveggja í senn náttúruna sem það hefur tapað og hvernig það endurgerir hana og lífgar innra með sér og kallar þar með til baka.<sup>4</sup> Samkvæmt þessu er það ekki bara stórborgin Kaupmannahöfn sem gerir Jónas að skáldi, heldur einnig fjarveran frá ættjörðinni og íslenskri náttúru, „landinu“, sem hann á ekki afturkvæmt til nema í ljóðum. Þannig eru mörg þeirra, og þá einkum þau síðustu, sprottin af heimþrá, sem aftur kemur heim og saman við kenninguna um heimþrána sem eina af uppsprettum skáldskapar.<sup>5</sup>

Annað meginstef í ljóðum Jónasar er þráin eftir konunni, kvenleikanum, sem hann einnig leitast við að ná til í ljóðum. Oft fara þessi yrkisefni saman, þar sem landið og konan verða eitt í myndmáli ljóðanna. Þótt Halldór Laxness ræði í grein sinni um samkennd

3 Adorno 1958:78. Kenningar Adornos má rekja til þýska skáldsins Friedrichs Schiller sem á sínum tíma skrifaði athyglisverðar greinar — sem Jónas kann að hafa kynnt sér — um viðleitni skáldskapar á tímum vaxandi firringar til að fanga upprunann í náttúrunni og sögunni. Sjá einkum *Über naive und sentimentalische Dichtung* sem birtist fyrst í tímaritinu *Die Horen* á árunum 1795–96. Sbr. m.a. Schiller 2002.

4 Adorno 1958:80.

5 Í riti sínu, *Heimweh: Studien zur Kultur- und Literaturgeschichte einer tödlichen Krankheit*, fjallar Simon Bunke m.a. um birtingarmyndir heimþrár í ljóðum nokkurra þýskumælandi skálda rómantíkurinnar þar sem heimþráin ýmist beinist að stað sem í raun er ekki til nema sem ímynd eða verður svo sterk að hún leiðir til andlegs sjúkleika og jafnvel dauða, sbr. Bunke 2009: einkum 491–506. Í ljósi þessara kenninga má ef til vill skýra þunglyndi Jónasar Hallgrímssonar síðustu árin sem hann lifði en á þeim tíma orti hann einmitt flest heimþrárkvæða sinna. Um þunglyndi Jónasar og dauðahugsanir, sjá Matthías Þórðarson 1937:clxix–clxxv; einnig ummæli Jónasar sjálfs í bréfi til Þórðar Jónassonar, dagsettu í Kaupmannahöfn 21. apríl 1845, en það er jafnframt með síðustu bréfum hans: „Mér líður nú loksins, guði sé lof, sæmilega vel til heilsunnar; mér er batnað allra meina minna nema einhverrar agnar af hypokondri — bringsmalaskottu — eða hvað það heitir, draugurinn sem ásækir svo margan Íslending“ (II, 227).

Jónasar með öllu lifandi og telji upp hvernig ýmis náttúruþyrirbrigði taka á sig það sem hann kallar „persónukendar myndir“ (87) tekur hann ekki eftir hvernig Jónas hvað eftir annað lýsir landinu sem konu og konunni sem landi. Í beinu framhaldi segir hann þó, eins og í frjálsum hugrenningatengslum, þar sem hann óvart kvengerir skáldið:

Innileiki hans, þegar hann er að tala við og um náttúruna, er svo yfirlætislaus og sannur, að ég minnst tæplega nokkurrar hliðstæðu úr bókmentum; — jafnvel Walt Whitman virðist tilgerðarlegur í samanburði við Jónas. Hann talar um fyrirbrigði náttúrunnar af sömu ástúð og blíðu og unnusta strýkur með fingurgómum sínum um andlitsdrætti elskhugans. (87–88)

Klausunni um Walt Whitman er sleppt í síðari útgáfum.<sup>6</sup> Hún er þó athyglisverð þar sem Halldór ber Jónas þar saman við nafngreint og heimsfrægt karlskáld sem hann svo afskrifar og tekur (nafnlaus) konuna fram yfir sem skáld. Í samlíkingunni sprettur ljóðið undan ást hennar og snertingu, fingurgómunum myndhverfðum sem skrif-færi. Hún er náttúruskáldið og andlit karlmansins, línustrikað, er pappírinn sem hún skrifar á.<sup>7</sup>

Á öðrum stað í greininni vísar Halldór að yrkisefnum Jónasar í firringu stórborgarinnar, sprottnum úr þrá eftir því sem skáldið elskar og saknar, og tengir þar saman náttúruna, landið, fegurðina, konuna og skáldskapinn:

Meðan hann var á mölinni, skrifaði hann fáeina kviðlinga um það, sem hann elskaði mest, svo sem smávini sína, blómin á Íslandi, hreiðurbúana og hina margvíslegu fegurð sumardagsins heima ásamt stúlku, sem hann hafði kynst fyrir löngu. (76)

6 Sbr. t.a.m. Halldór Laxness 1947:54.

7 Um kvenleikann í skáldskaparfræði Halldórs Laxness, sjá grein mína „Vísivítandi antiregla: Kvenröddin í ljóðum Halldórs Laxness“ (Helga Kress 2005). — Hér má nefna að Halldór Laxness skrifaði greinina um Jónas, íslenskasta og besta skáldið, undir áhrifum frá konu, unnustu sinni og sambýliskonu í Los Angeles, Valgerði Einarsdóttur. Í bréfi til hans, dagsettu í New York 22. febrúar 1930, harmar hún aðskilnað þeirra, en hann var farinn á undan henni til Íslands, þaðan sem hann sendi henni uppsagnarbréf. Hún veltir fyrir sér ástæðunni, rifjar upp samveru þeirra og segir: „... það er svo margt sem ég ekki veit. Mér hefur verið sagt að greinin um J. Hallgrímsson sé með því besta, sem þú hafir ritað og þó sagðist þú hafa hugsað um mig allan tímann meðan þú samdir hana“ (Bréf Valgerðar Einarsdóttur til Halldórs Laxness. Lbs 200 NF).

Athyglisvert er að hann tekur sérstaklega eftir myndmáli smæðarinnar (smávinunum, blómunum, fuglunum), hinni nálægu náttúru, sem svo mjög einkennir ljóð Jónasar og hefur jafnframt verið bent á að sé eitt megineinkenni á ljóðum kvenna.<sup>8</sup> Í beinu framhaldi af þessu ítrekar Halldór og talar nú í nafni þjóðarinnar: „Það er skoðun mín, að vér Íslendingar höfum aldrei átt skáld betra en Jónas Hallgrímsson.“ (77)

Það sem ekki síst gerir Jónas að íslenskasta og besta skáldinu eru að mati Halldórs „hinar sælu frumminningar“ (79), hinir umliðnu dagar „sem vér gleymdum að skoða“ (78). Þessar minningar segist hann sjá í sögunni „Grasaferð“, um skáldsystkinin ungu í íslenskri sveit, að hann ekki „gleymi henni ‚systur minni‘, Hildi Bjarnadóttur, sem leiddi mig við hönd sér eitt kvöld um vorið, að við komum heim af stekknunum.“ (78) Hér samsamar Halldór sig svo „frændanum“ í sögunni, karlskáldinu unga, að hann verður frændinn og „systirin“, sem einnig reynist vera skáld, leiðir þá báða.<sup>9</sup>

8 Í eftirmála bókar sinnar *Literary Women* fjallar Ellen Moers (1976:244) um það sem hún kallar „the metaphor of littleness“, eða myndmál smæðarinnar, og telur að einkenni bæði texta um og eftir konur. Hún segir og tengir kvenlíkamanum: „Littleness as a physical fact, though only a relative one, is inescapably associated with the female body, and as long as writers describe women they will all make use of the diminutive in language and the miniature in imagery.“ Í greiningu sinni tekur hún sérstaklega fyrir fugla sem séu — fyrir utan skordýr og blóm — ein algengasta tegund þessa myndmáls og spyr hvort það sé vegna þess að þeir séu kvaldir eins og þeir sem eru varnarlausir, eða hvort það sé vegna þess að þeir séu fallegir, flöggrandi og framandi, fyrirheit um bældar og forboðnar nautnir, og bendir í því sambandi á söngfuglinn sem algilt tákn ástarinnar. Sjá einnig Helgu Kress 1983:152–155. Öll þessi tilbrigði við myndmál smæðarinnar koma fyrir í skáldskap Jónasar, sbr. t.a.m. blómabrekkur „Dalvísu“ og „Hulduljóða“, lóna í „Heiðlóarvísu“, rjúpuna og fálkann í „Óhræsinu“, söngfuglinn í „Ég bið að heilsa“ og grátittlinginn sem skáldið samsamar sig í samnefndu kvæði. Þá kallar frændinn í „Grasaferð“ kvæði sín „smákvæði“ (I, 294), og svo kallar einnig Jónas eitt lengsta kvæði sitt, „Gunnarshólma“, í formála að því í *Fjölmi* (1838:32).

9 Svo nákvæmlega vitnar Halldór til verka Jónasar að hann hlýtur að hafa haft útgáfu á þeim við höndina, og þá sennilega Bókmenntafélagsins frá 1883, hvort sem hann hefur sjálfur haft hana með sér til Kaliforníu eða — sem er öllu líklegra — fengið hana hjá unnustu sinni Valgerði Einarsdóttur sem hann bjó með á þeim tíma sem hann skrifaði greinina, og að eigin sögn undir áhrifum frá henni, sbr. nmgr. 7. Á nokkrum stöðum vitnar hann í formála Hannesar Hafstein fyrir þeirri útgáfu, án þess þó að geta þess beinlínis. M.a. mótmælir hann því sem þar segir (á bls. xl) að Jónas sé náúralisti, „en það nafn er honum einna helzt gefið í æfisög-

*Ég skal feginn eigna mér allt*

Sagan „Grasaferð“ eftir Jónas Hallgrímson, sem birtist fyrst meðal eftirlátinna rita hans í *Fjölni* 1847, er talin marka upphaf íslenskrar sagnagerðar á síðari tímum.<sup>10</sup> Um leið fer fram í henni umræða um konur og skáldskap sem er langt á undan sínum tíma í íslenskri bókmenntasögu. Sagan segir frá ferðalagi tveggja frændsystkina á grasa-fjall, en bæði eru þau skáld, þótt ung séu, hann þrettán ára og ófermdur, en hún fimmtán ára og fermd og því „fulltíða kvenmaður“ (I, 285).<sup>11</sup> Þegar þau hafa fyllt pokana sína af grösom setjast þau niður í fjallinu miðju og fara að tala um skáldskap. Á meðan saumar „systirín“, sem hann kallar svo, fyrir peysuna hans, „litla frændans“, svo að þau geti tint í hana líka. Úttröðna peysuna ætlar hann síðan að binda framan á sig þar sem það sé „mannalegra“ að koma heim „með bagga í fyrir“ (I, 288). Þannig sér hann sig með annarra augum ganga með feng sinn til byggða. Aðalatriðið fyrir honum er karlmennskuímyndin. Hún er þó ekki einleikin því að svona á sig kominn, þungaður grösom (og skáldskap?), lítur hann út eins og barnshafandi kona. Eftir að hafa gert nokkrar misheppnaðar tilraunir til að segja systurinni sögur, sem hún hefur ekki sagt honum áður, fer hann með þrjú kvæði eftir sjálfan sig, fyrst eitt þýtt, en síðan tvö frumkveðin. Systirin hefur aftur á móti farið dult með skáldskap sinn og henni bregður þegar hann fer með kvæði sem hún hefur þýtt úr þýsku og ekki falið betur en svo að hún hefur óvart afhent honum það sjálf í nokkuð frumlegu — og kvenlegu — eiginhandarriti:

„Hvar hefurðu náð þessum vísun?“ sagði systir mín og sá ég hún var bæði sneyppt og reið, „ég hef alltaf haldið mér væri óhætt að trúa þér og þú mundir ekki taka neitt í leyfisleysi.“

---

unni framan við ljóð hans“ (80). Greininni gefur Halldór svo sama nafn og Hannes formála sínum og kallast þannig eins og á við hann.

10 Um nánari umfjöllun, sjá grein mína, „Sáuð þið hana systur mína?“ Grasaferð Jónasar Hallgrímssonar og upphaf íslenskrar sagnagerðar“ (Helga Kress 1989).

11 Jónas Hallgrímsson 1989, I–IV. Hér verður vitnað til þessarar útgáfu um rit Jónasar með binda- og blaðsíðutali í sviga aftan við tilvitnun í meginmáli nema annað sé tekið fram.

Mér varð bilt við þetta. „Það hef ég heldur ekki gert,“ sagði ég og var stuttur í svari, „þú gafst mér um daginn nokkrar sveskjur, eins og þú líklega manst, og vafðir kvæðinu utan um þær; það var að sönnu uppkast en ég hélt mér væri leyfilegt að lesa það fyrst þú leyndir því ekki meir en svona. Ég hef aldrei haft það yfir fyrir en núna og því síður hef ég sagt frá að þú hafir snúið því.“

„Blessaður! ég ætla að biðja þig að gera það ekki heldur. Mér er ekki mikið um það breiðist út að ég sé að fást við þess háttar; það hefur aldrei þótt mikil þryði á kvenfólki.“

„Vertu öldungis óhrædd,“ sagði ég svo blíðlega sem ég gat, „en takist þér ekki verr í annað sinn, held ég þú ættir að bera það oftast við; ég skal hjartansfeginn eigna mér allt sem þú gerir — en það er samt reyndar skömm; þessu ráði verð ég að sleppa.“

„Þér er það held ég óhætt,“ sagði systir mín og var nú orðin eins hýr og áður. „Ég yrki varla svo mikið að okkur verði vandræði úr skáldskapnum mínum. En þú hafðir eitthvað eftir sjálfan þig, það held ég verði gaman að heyra.“

„Já, það er satt,“ sagði ég, „það voru tvö smákvæði; annað ... er um þig en hitt gerði ég um lóu ...; það eru nógu falleg kvæði.“ (I, 293–294)

Systirin þaggar snarlega niður í umræðunni um sjálfa sig sem skáld með skírskotun til kynferðis síns, en biður frændann að fara með eitthvað eftir sjálfan sig, því að það verði gaman að heyra, og er hann sammála því.<sup>12</sup> Kvæðið hefur hún, í skorti á öðru bréfsfæni, skrifað á matarumbúðir og er það því komið beint úr búrinu.<sup>13</sup> En umbúðirnar eru jafnframt utan af erlendu sælgæti sem hún gefur honum, og þannig rennur allt saman í eitt, útlent og innlent, matar-

12 Í þessu má sjá „the pattern of female self-effacement and male self-assertion“, eða mynstur kvenlegrar sjálfsþöggunar og karllegs sjálfstrausts, sem þær Sandra Gilbert og Susan Gubar ræða í klassísku riti sínu um kvenríthöfundu 19. aldar, *The Madwoman in the Attic* (Gilbert og Gubar 1979:554–558). Sbr. einnig Terence Diggory (1979:135–142) um bandarísku skáldin Emily Dickinson (1830–1886) og Walt Whitman (1819–1882) sem dæmi um fælni kvenskálda og framfærni karlskálda.

13 Bréfsfæni systurinnar, sem og einnig saumaskapur hennar, minna á Emily Dickinson sem skrifaði ljóð sín með mjög smáu letri á alls kyns tilfallandi snepla, eins og t.a.m. tepoka, sem hún saumaði saman í lítil knippi, „fascicles“, og læsti niður í kistu. Þar fundust ljóðin að henni látinni, alls um 1800 að tölu. Af þeim höfðu aðeins örfá birst á prenti meðan hún lifði. Sbr. Gilbert og Gubar 1979:639–642; einnig Kristen Kreider 2010:67–103.

pappír og handrit, sveskjur og kvæði. Að hann skuli bjóðast til að eigna sér kvæði hennar felur ekki endilega í sér að hann ætli að birta það undir eigin nafni, enda flýtir hann sér að taka þau orð sín til baka, heldur öllu fremur löngun hans, verðandi karlskáldsins, til að tileinka sér sjónarhorn konunnar og ná þannig til kvenleikans í eigin skáldskap.<sup>14</sup> Þá viðleitni má reyndar sjá í þeim kvæðum sem hann fer með eftir sjálfan sig en þau fjalla öll um kvenleg fyrirbæri. Í þýdda kvæðinu eftir danska skáldið Oehlenschläger harmar „munaðarlaus unglingur“ (I, 289), eins og frændinn er sjálfur, missi bæði móður sinnar og unnustu og verður sá missir honum að kvæði. Í „Heiðlóarvísunni“ er lóan hvort tveggja í senn móðir og syngjandi (kven)skáld, og er kvæði hennar, „dírrindí“ (I, 295), sett fram í beinni ræðu sem kvæði í kvæðinu. Í vísunni um „systurina“ beinir frændinn beinlínis að henni athygli með spurningu til lesenda/áheyrenda í upphafi: „Sáuð þið hana systur mína?“ (I, 294) Í hans augum er hún þó ekki skáld, heldur hvort tveggja í senn viðfangsefni og viðtakandi. Auk þess segir hún honum sögur, er varðveitandi munnlegrar geymdar, og því uppspretta frekari yrkisefna. Eins og unnustan sem unglingurinn saknar í kvæði Oehlenschlägers er hún með „glóbjart hár“ (I, 289; I, 294), táknmynd kvenleikans, þess eftirsóttta en óhöndlanlega, enda hleypur hún undan, þegar karla-samfélagið birtist á sviðinu í líki hreppstjórans, og þar með út úr kvæðinu. Hún fer í felur með sjálfa sig eins og systirin með kvæði sitt.

„Grasaferð“ er sögð í fyrstu persónu frá sjónarhorni frændans sem endurminning fullorðins (og viðurkennds) höfundar, prentuð saga með örugga lesendur. Eins og fleiri verk Jónasar er hún meta-

14 Árið 1837 birtist í fyrsta sinn á prenti veraldlegt kvæði eftir nafngreinda íslenska konu, Guðnýju Jónsdóttur frá Klömburum (1804–1836), án heitis en með upphafslínunum: „Endurminningin er svo glögg“. Birtist það að henni látinni í fréttabálki *Fjölvis* 1837, eftirmælum ársins 1836, ásamt formála eftir Tómas Sæmundsson með fallegum orðum um sorgleg örlög hennar sem konu og skálds (*Fjölvir* 1837:30–32). Ellefu árum síðar birtist annað kvæði eftir hana í *Norðurfara* 1848, einnig án heitis en með upphafslínunum: „Sit ég og syrgi“, og þeim fyrirvara að eigi sé „með öllu víst, að kvæðið sje eptir hana, og hafa sumir eignað það Bjarna heitnum Thórarensen“ (*Norðurfari* 1848:17–18). Sjá einnig Helgu Kress 1997:36–38.

texti, fjallar um sjálfa sig á skrifandi stund. Þetta kemur skýrt fram þegar frændinn hefur með aðstoð systurinnar náð takmarki sínu, grösunum, en þá stígur hann út úr sögunni og ávarpar lesendur sína sem höfundur hennar: „Ég vonast til að sumir af lesendum mínum muni til sín þegar þeir hafa í fyrsta sinni fundið svo mikil grös að þeir væru vissir um að geta tekið þar byrði sína fyrirhafnarlaust að kalla.“ (I, 287) Hér kemur hann fram sem hróðugur höfundur spennandi sögu sem hann opinberar lesendum sínum, andstætt systurinni sem felur kvæði sitt og biður eina lesandann að segja engum. Úrdrátturinn „fyrirhafnarlaust að kalla“ er írónísk viðurkenning á nauðsynlegri fylgd systurinnar því án hennar hefði „litli frændinn“ hvorki komist á fjallið né getað fyllt peysuna sína af grösom — og í yfirfærðri merkingu af skáldskap.

Sjálfsmynd sína sem skáld sækir hann til hennar. Hún kann þýsku, tungumál skáldskaparins, sem hann kann ekki en biður hana að kenna sér: „Þú átt gott að geta skilið þjóðverskuna og það væri vel gert af þér að kenna mér dálítið líka. Mér er kvöl í að skilja ekkert af því sem þeir hafa gert, hann Schiller og aðrir á Þjóðverjalandi.“ (I, 293) Með því að miðla honum af þekkingu sinni opnar hún honum leið að heimsbókmenntunum. Einnig er hún fyrsti gagnrýnandi hans, kallar vísurnar um sig „bull“ (I, 294) og þýðingin á kvæði Oehlenschlägers finnst henni tilgerðarleg og dauf: „það er nokkurs konar indæl og barnaleg angurbliða í öllu frumkvæðinu og hennar sakna ég mest hjá þér, frændi minn!“ (I, 292) Þá verður hún að sitja þétt við hliðina á honum, „en þó svo, að ég sæi vel framan í hana því þá gekk mér alltént betur að segja frá“ (I, 288). Þannig speglar hann sig ekki aðeins í því sem hún segir heldur einnig í andliti hennar og svipbrigðum. Þá kemur fyrir að skáldlegar lýsingar hennar flæða yfir í skrifaðan texta hans eins og þær væru hans eigin skáldskapur. Þetta má m.a. sjá í lok langrar lýsingar á fallettu útsýni þar sem sjónarhornið færir smám saman frá skýjunum yfir gróðursælu landslaginu í byggð að blámanum og sólskininu í fjarska:

Lengra í burtu var að sjá fagurblá fjöll með sólskinsblettum og það breiddi nokkurs konar gleðiblæ yfir allt hitt eins og þegar vonin skín yfir rósama lífstund góðs manns.



Þetta sagði systir mín á einum stað í fjallinu þegar við stóðum við og horfðum yfir dalinn og sveitina; og hún sagði það satt því ég sá hvernig hýran skein á andlitinu á henni. (I, 285)

Sjálfur gefur hann „lítinn gaum að fegurð náttúrunnar“ (I, 286) og hann tekur einnig „lítið eftir veginum“ (I, 287), svo upptekinn er hann af karlmennskuímynd sinni. Þannig kemur karlmennskan upp á milli skáldsins og skáldskaparins, konunnar, landsins. Hún verður þó að engu í lokin þegar hrynur úr fjallinu og frændinn fleygir sér í fang systurinnar.

### *Það var að sönnu uppkast*

„Vísur“ systurinnar á sveskjubréfinu eru ekki frumsamdar, heldur þýðing á kvæði eftir (karl)skáldið Schiller, ortu í orðastað ungrar konu sem grætur látinn unnusta og reynir að vekja hann upp með tárum. Þær er því ekki að öllu leyti eftir systurina sjálfa.<sup>15</sup> Kvæðið er heldur ekki fullgert, en „að sönnu uppkast“ sem bíður karlskáldsins að vinna úr og ljúka. Það gerir í táknrænni merkingu Jónas Hallgrímsson sjálfur við birtingu þess undir nafninu „Meyjargrátur“ í *Fjölni* 1843.

„Grasaferð“ hefur hingað til verið talin rituð um eða fyrir árið 1836. Rökin fyrir því eru einkum þau að „Heiðlóarvísa“ hafi verið prentuð sem eyðufylling í *Fjölni* 1836, tekin úr sögunni sem þegar var til.<sup>16</sup> Í samræmi við þetta segir Matthías Þórðarson í skýringum við þýðingu systurinnar í „Grasaferð“ að hún muni vera eldri en sú sem birtist í *Fjölni* 1843, „og hefir Jónas breytt henni til bóta“.<sup>17</sup> Þessu kann þó að vera öfugt farið og má leiða að því líkur að Jónas hafi skrifað söguna um svipað leyti og þýðingar hans á þremur

15 Að systirin í sögu Jónasar skuli fást við þýðingar fremur en frumsamin ljóð er athyglisvert í ljósi kenninga um skáldskaparmiðlun breskra kvenna á 19. öld sem með þýðingum á ljóðum eftir erlend karlskald gátu bæði réttlætt skáldgáfu sína og fengið fyrir hana viðurkenningu. Samt sem áður földu þær sig flestar undir dulnefni, og þá nöfnum karla, sbr. Stark 2006:126–128.

16 Sbr. t.a.m. Hannes Hafstein 1883:xix; Jónas Hallgrímsson 1929–1937:I, 331; Jónas Hallgrímsson 1989:IV, 123.

17 Jónas Hallgrímsson 1929–1937:I, 395; einnig Kjartan Rúnar Gíslason 1964:35.

ljóðum eftir Schiller og fjórum eftir Heine birtust í *Fjölni* 1843. Til þessa bendir einnig samtal þeirra skáldsystkina um „hann Schiller“ (I, 293) og önnur þýsk skáld sem Jónas var sannanlega upptekinn af árið 1843. Það má m.a. sjá af fundargerð Fjölnisfélags frá 4. febrúar 1843 þar sem segir að Jónas hafi lagt fram „nokkur útlögð kvæði eftir Schiller“ sem síðan voru eftir nokkrar umræður samþykkt til birtingar í næsta *Fjölni*. Þessi kvæði voru „Dagrúnarharmur“ („Die Kindsmörderin“), „Meyjargrátur“ („Des Mädchens Klage“) og „Alheimsvíðáttan“ („Die Grösse der Welt“), af orðum Jónasar að merkja öll nýlega þýdd.<sup>18</sup> Með því svo að fella „Heiðlóarvísuna“ úr *Fjölni* 1836 inn í „Grasaferð“ vísar hann írónískt í sjálfan sig sem frændann sem á skrifandi stund sögunnar er þegar útgefinn rithöfundur. Með því að gera systurina að þýðanda „Meyjargráts“ sem hann einnig birtir í eigin nafni samsamar hann sig hins vegar henni, kvenskáldinu. Bæði „Meyjargrátur“ og „Dagrúnarharmur“ eru lögð konum í munn og heyra fyrirsagnirnar saman, snilldarheiti Jónasar á kvæðum Schillers, sótt í tregróf kvenna í hetjukvæðum Eddu, sbr. „Oddrúnargrátur“ og „Guðrúnarharmur“.<sup>19</sup>

Ekki verður séð að þýðing systurinnar sé „uppkast“, þótt frændinn sé látinn taka svo til orða, í dæmigerðri íróníu sem ein-kennir allan stíl sögunnar, né heldur að sú gerð sem birtist í *Fjölni* sé betri, eins og Matthías Þórðarson telur, að því er virðist af þeirri ástæðu einni að hún muni yngri. Orðið „uppkast“ er hér afar athyglisvert og kann að vísa í þær umræður sem spunnust um þýðingar Jónasar á fundinum í Fjölnisfélaginu 4. febrúar 1843 þar sem þeim var vísað til umsagnar í nefnd, en samkvæmt lögum félagsins var henni heimilt að breyta „ritgjörðum“ höfunda.<sup>20</sup> Þessu mótmælti Jónas og áskildi sér „eftir lögunum að vera við þegar 3ggja manna nefndin dæmi um kvæðin, og þá yrði að hafa frum-

18 „Fundabók Fjölnisfélags“ 1926:269.

19 Um kvenlega hefð eddukvæða, sjá Helgu Kress 1993:61–94. Í útgáfu Rasmus Christians Rask á eddukvæðum frá 1818 sem Jónas hefur haft við höndina er „Guðrúnarkviða forna“ kölluð „Godrúnar-harmr“. Sbr. *Eddu Sæmundar hinns fróða* 1818:250.

20 Um þessa umræðu alla og breytingar á kvæðum Jónasar, sjá grein mína, „Söngvarinn ljúfi: Um myndir og orð í kvæði eftir Jónas Hallgrímsson“ (Helga Kress 2011).

kvæðin við hendina ...<sup>21</sup> Í því sambandi leggur hann áherslu á að kvæðið „Meyjargrátur“ sé „beinlínis útlagt eptir Schiller“.<sup>22</sup> Á næsta fundi, sem var 11. febrúar, skilaði nefndin af sér og hafði Konráð Gíslason orð fyrir þeim. Sagði hann að nefndin hefði haft tvo fundi og hefði Jónas verið á seinni fundinum. Á fyrri fundinum hefðu þeir skrifað upp athugasemdir sem þeir hefðu afhent Jónasi á þeim seinni. Ekki líkaði Jónasi athugasemdirnar en hélt fram höfundarrétti sínum og sagði „litlu muni verða breytt í kvæðunum“.<sup>23</sup> Hann hefur þó orðið að lúta valdi fundarins og breyta þýðingu sinni samkvæmt tillögum nefndarinnar sem hefur ef til vill ekki fundist nógu sterkt að orði kveðið.

Helsti munurinn á þýðingunum er í upphafi annars erindis sem hljóðar svo á frummálinu hjá Schiller:

Das Herz ist gestorben,  
die Welt ist leer,  
und weiter gibt sie  
dem Wunsche nichts mehr.<sup>24</sup>

Í þeirri gerð sem birtist í *Fjölni* 1843 er þetta svona:

Heimur er tómur og hjartað er dautt,  
helstirðnað brjóstið og löngunarsnautt. (I, 68)

Þýðing systurinnar í „Grasferð“ er hins vegar mun nær frumtexta Schillers, lágværum harmatölum „smámeyjunnar“ sem grætur fram kvæðið:

Heimur er tómur og hjartað, það deyr;  
hvergi finnst neitt að eg æski þess meir. (I, 292)

Hér er eitt lýsingarorð í stað fjögurra í *Fjölni*, þar af tveggja samsettra og mjög sterkra, auk þess sem svo upphafin mynd sem „helstirðnað brjóst“ á sér enga stoð í kvæði Schillers, enda vandséð hvernig

21 „Fundabók Fjölnisfélags“ 1926:269.

22 Sama rit:270.

23 Sama rit:271.

24 Schiller 1973:409–410. Kvæðið birtist fyrst í *Musenalmanach* 1799, síðan í *Gedichte* 1788–1805.

stirðnað brjóst getur bifast, eins og það gerir í fyrsta erindinu („brjóstið af grátekka bifað“). Línurnar flæða hér betur og hrynjandi er eðlilegri með áherslu á „neitt“ sem kallast á við tómlaikann og orðið „nichts“ hjá Schiller. Þannig má segja að þýðingin sé bæði einfaldari og lýrískari þegar Jónas yrkir óáreittur í orðastað kvenna, og það ekki aðeins meyjunnar í kvæðinu, heldur einnig kvenskáldsins í sögunni.

Athyglisvert er að Jónas yrkir ekki í orðastað kvenna í eigin ljóðum, aðeins í þýðingum. Fyrir utan „Meyjargrát“ og „Dagrúnarharm“ Schillers sem bæði eru lögð konum í munn, má nefna „Sæunni hafkonu“ (úr „Heimkehr“) eftir Heine, „Kysa vil ég“ („Küssen will ich“) eftir Chamisso, „Illur lækur“ („eftir þjóðkunu spánsku kvæði“) <sup>25</sup> og „Arngerðarljóð“ („Sjælevandring“ eftir P.L. Møller), sérkennilegt kvæði, lagt í munn arnar sem hefur breyst í konu og kvartar undan því hlutskipti: „kalla mig allir fagra meyju, / og vita ekki að eg er Örn.“ (I, 240) <sup>26</sup> Örninn, sem er ókyngreindur sem slíkur, er nafnlaus í frumkvæðinu. Með snilldarheitinu „Arngerðarljóð“ vísar Jónas í íslenska eddukvæðahefð og skerpir á stöðu ljóðmælanda sem konu og skálds.

### *Í fagurlegri mynd*

Skáldskaparfræði sína setur Jónas fram í ritdómi sem hann birti í *Fjölni* 1837 um rímur Sigurðar Breiðfjörðs út af riddarasögu frá 18. öld. Fyrir utan hortitti og ambögur í orðalagi gagnrýnir hann skáldið fyrir ósjálfstæði í efnistöfum og skort á ímyndunarafli. Hann segir:

Það er ekkert vit í því að rímnaskáldin eigi að vera bundin við söguna. Þau eiga miklu fremur, þegar þörf gjörist, að breyta henni á marga vegu, búa til

25 Um höfund kvæðisins og kynferðislegan undirtón þess, sjá Svein Yngva Egilsson 2006.

26 „Arngerðarljóð“ er síðasta þýðing Jónasar, en frumkvæðið birtist í tímaritinu *Gæa* (sem P.L. Møller ritstýrði) árið 1845, sama hefti og ritgerð Gríms Thomssen um Bjarna Thorarensen (*Gæa* 1845:363). Síðasta orðið er skáletrað í útgáfunni 1989, en er skrifað eins og sérnafn með stórum staf í eiginhandarriti Jónasar Hallgrímssonar (1965:269) og svo er gert hér.

viðburði sjálfir og skapa hið innra líf þeirra manna, er sagan nefnir, til að koma sem bestri skipun á efnið og geta síðan leitt það í ljós í fagurlegri og algjörðri mynd.<sup>27</sup>

Skáldskapurinn á að vera óbundinn ytri veruleika, hann á að vera fagur, skapandi og sjónrænn, fullkomin mynd búin til í huganum, leidd fram í tungumáli.<sup>28</sup> Með þessu gerir Jónas upp við ríkjandi bókmenntahefð, nafngreindan og karllegan skáldskap rímnanna, en leitar í munnlega hefð þjóðkvæða og eddukvæða, bæði hvað varðar efni og form, en aðeins í kvæði Íslendingasagna ef þau fjalla um konur eða skáld og tengjast landi. Í kvæði sem hefst á línunum „Suður fórumk um ver“ (en er fyrirsagnarlaust í handriti) vísar Jónas í upphaf „Höfuðlausnar“ („Vestur fórk of ver, / en eg Viðris ber / munstrandar mar“) eftir Egil Skallagrímsson og yrkir undir sama hætti.<sup>29</sup> Báðir eru þeir íslensk skáld í útlöndum. Þetta er heimþrárkvæði frá síðustu æviárum Jónasar þar sem hann minnst þess heits sem hann gerði á útleið að fara aftur heim: „Munar-myndum / mjög þótt yndum, / heimrof mig finni / hjá Huldu minni.“ (I, 244) Huldun er hans, táknmynd landsins, sú sama og í „Hulduljóðum“. Munarmyndirnar sem hann unir við (sbr. „munstrandar mar“ Egils), en eru þó ekki nóg, er skáldskapurinn, minningarnar um landið í upptalningu atriða sem hefjast á: „þar er“.

Í „Eftirmælum um Guðmund kaupmann Guðmundsson“, ungan mann sem druknaði á leið til Kaupmannahafnar til fundar við danska unnustu sína, ortum í nafni bróður hans, vísar Jónas í grátljóð Ketilríðar í *Víglundarsögu*: „Eigi má eg á ægi / ógrátandi líta, / síst er málvinir mínir / fyr marbakkann sukku, / leiður er mér

27 Jónas Hallgrímsson 1989:I, 360. Ritdóminn nefndi Jónas „Um rímur af Tistran og Indiönu, orktar af Sigurði Breiðfjörð“, með höfundarnafnið innan gæsalappa í háðungarskyni við hann. Ritdómurinn er talinn sá fyrsti í íslenskrri bókmenntasögu. Um nánari umfjöllun, sjá Þröst Helgason 1998; einnig Pál Valsson 1999:160–166.

28 Sjálfur fer Jónas eftir þessari stefnu í eigin skáldskap, eða eins og Hannes Pétursson orðar það í *Kvæðafylgnum*: „Hann ... sveigir undir vald ímyndunar sinnar bæði tíma og staði ... í *Tómasarhaga* ríður hann öræfaslóðir sem hann fór aldrei meðan hann dvaldist heima, og í öðru kvæði læst hann sitja úti í *Máney*“ (Hannes Pétursson 1979:166).

29 *Egils saga Skallagrímssonar* 1933:185.

sjóvar sorti / og súgandi bára ...<sup>30</sup> Í kvæði Jónasar hefjast tvö fyrstu erindin á línunum úr vísu Ketilríðar, hafðar innan gæsalappa sem sýna að þær eru tilvitnanir í fyrri tíma orðaða (og myndgerða) sorg: „Leiður er mér sjávar sorti / og sólgáruð bára“ (I, 155) og „Eigi mega á ægi / ógrátandi líta‘ / móðir, systur, síðan / sjá ei bróður góðan.“ (I, 156) Andstætt stúlkunni í „Meyjargráti“ Schillers tekst Ketilríði að gráta unnusta sinn úr helju, hann var ekki týndur en kom aftur. Fjórða erindið í kvæði Jónasar hefst á línunum úr vísu Víglundar sem á leið heim sér landið rísa úr sjó og hugsar óþreyjufullur til unnustunnar. Línurnar eru svo til eins að öðru leyti en því að Jónas breytir fyrstu persónu í aðra persónu og gerir bróðurinn að ljóðmælanda: „Sól gengur síð undir múla! / svo langar þig þangað.“ (I, 156)<sup>31</sup> Athyglisvert er að í eftirmælunum er ekki minnst á dönsku unnustuna, heldur þráir hinn látni að komast heim til móður sinnar og landsins. Honum er snúið við eins og Gunnari í „Gunnars-hólma“ (og *Njálu*): „Því Gunnar vildi heldur bíða hel / en horfinn vera fósturjarðarströndum.“ (I, 79)

Í „Kveðja og þökk Íslendinga til Alberts Thorvaldssens“ er Ísland lífgað sem móðir og þrá hennar eftir listamanninum, syni sínum, lýst með vísun í þulu Helgu Bárðardóttur í *Bárðarsögu Snæfellsáss* sem þar kveður útlæg á Grænlandi um heimþrá sína til Íslands. Bæði byrja kvæðin á lýsingarorðinu „sæll“, einu eftirlætisorði Jónasar (ásamt nafnorðinu „sæla“). Orðið er í kvenkyni, þetta er kvenleg tilfinning, kvenleg þrá, enda strax skilyrt af samtengingunni „ef“:

Sæl værag,	Sæl þættist hún
ef sjá mættag	ef hún sjá mætti
Búrfell og Bala,	yndi fegurst
báða Lóndranga,	augna sinna ... (I, 96)
Aðalþegnshóla	
og Öndvertnes,	
Heiðarkollu	
og Hreggnasa ... <sup>32</sup>	

30 *Víglundar saga* 1959:84.

31 Sama rit:105, en þar hljóðar þetta svo: „Sól gengur síð und múla, / slíkt langar mig þangað.“

32 *Bárðar saga Snæfellsáss* 1991:115–116.

Á sama hátt og Helga Bárðardóttir telur upp hvert örnefnið eftir annað og framkallar þar með fyrir sér landið sem hún þráir leitast móðirin/landið í kvæði Jónasar að særa til sín soninn, Íslendinginn, með hliðstæðri upptalningu: „Heklufjall / og Hofsjökull, / Baldjökull, Bláfell / og Baulutindur, / Hólmur, Hegranes / og Hlíðin góða.“ (I, 98)<sup>33</sup> Þannig nýtir Jónas sér oft þuluna með hliðskipuðum atriðum þar sem ekkert er öðru fremra. Þetta einkennir m.a. eitt þekktasta kvæði hans, „Dalvísu“, sem Halldór Laxness kennir við litaníu, þ.e bænaákall, bænasöng.<sup>34</sup> Dalurinn er „sæludalur“ þar sem skáldið staðsetur sig í huganum innan um náttúruyfyrirbrigðin sem hann lífgar, talar við og ákallar, hvert fyrir sig:

Fífilbrekka! gróin grund!  
grösug hlíð með berjalautum!  
flóatetur! fífusund!  
fífilbrekka! smáragrund!  
yður hjá ég alla stund  
uni best í sæld og þrautum;  
fífilbrekka! gróin grund!  
grösug hlíð með berjalautum! (I, 179)

Þannig fer hann um dalinn í fimm erindum þar sem hann kallar upp og heilsar hverjum stað í upphrópunum og endurtekningum.<sup>35</sup> Orð hans verða að heyrast og langt að fara. Eins og fleiri ættjarðarkvæði Jónasar endar það á bæn: „Sæludalur! sveitin best! / sólin á þig geislum helli!“ (I, 180)<sup>36</sup>

33 Þessa sýn á landið sem örnefni útfærir Jónas í kvæðaflokknum „Annes og eyjar“ þar sem hann ferðast um landið allt í huganum og hver staður fær sitt kvæði (I, 250–256).

34 Hann segir: „Dalvísur“ hans eru fremur safn af ljóðlínunum en kvæði, því það er hvorki upphaf né endir á þeim og engin stígandi ...“ (Halldór Laxness 1929:87).

35 Sbr. einnig Dagnýju Kristjánsdóttur (1989:344–345) um ákallið sem tilraun til persónugervingar í ljóðum Jónasar út frá kenningum Jonathans Culler: „Þegar náttúran eða óhlutstæð fyrirbæri eru gerð að persónu á þennan hátt sýnir ákallið og óskhátturinn hvort tveggja í senn að það samband sem komið er á fót er ekki *veruleiki*, er skáldskapur og að skáldið vill ekki að svo sé.“

36 Orðið „sæludalur“ hefur Jónas úr „Búnaðarbálki“ Eggerts Ólafssonar (1832:30) sem þar lýsir svo útópíu sinni: „Hér opnast sæludalur. Hér er landslagið, landfugla, dýra og fiska athöfn og eðli, allt fullt af ánægju.“

Svipað á sér stað í „Íslands minni“, veislukvæði sem Jónas orti fyrir samsæti Íslendinga í Kaupmannahöfn 1839:

Þið þekkið fold með blíðri brá  
og bláum tindi fjalla  
og svanahljómi, silungsa  
og sælu blómi valla  
og bröttum fossi, björtum sjá  
og breiðum jökulskalla —  
drjúpi' hana blessun drottins á  
um daga heimsins alla. (I, 108)

Ísland er hér kvengert strax í upphafi. Foldin er kona, og náttúru- fyrirbrigðin sem ljóðmælandi framkallar fyrir hugskotssjónum félaga sinna, Íslendinganna erlendis, til að þeir festi sér í minni, eru ásamt augunum skart þessarar konu: fjöllin, árnar, vötnin, blómin, vellirnir, fossinn, jökullinn og sjórinn kring. Allt er þetta tengt saman með samtengingunni „og“ sem ásamt þankastrikinu á eftir sýnir að upptalningin er endalaus. Konan er þögul en landið (líkami hennar) ómar af svanasöng, rödd náttúrunnar og skáldsins í senn.<sup>37</sup> Myndin er eilíf og kvæðið endar á bæn.

„Íslands minni“ Jónasar kallast á við „Íslands minni“ eftir Bjarna Thorarensen frá 1818, bæði veislukvæði og nafnið það sama. Í kvæði Bjarna kemur „fjallkonan“ fyrst fyrir í íslenskum kveðskap, og er svo ávörpuð í upphafi: „Eldgamla Ísafold, / ástkæra fósturmold, / Fjallkonan fríð.“ Löggð er áhersla á jöklana, tindana, það sem gnæfir. Foldin er með „hvítaldinn há“ og „há-jöklarið“, kristalsár og himinbláar heiðar, og á hana skín sólskin af heiðum himni,<sup>38</sup> en þar fyrirfinnast hvorki söngfuglar né sælu blómin valla. Fjallkonan kemur aðeins einu sinni fyrir í kvæði eftir Jónas, „Magnúsarkviðu“, tví-

37 Söngfuglar eru skáld í ljóðum Jónasar. Í erfikvæðinu eftir Bjarna Thorarensen líkir hann honum við svan í stórbrotinni (íslenski) náttúrumynd: „Skjótt hefur sól brugðið sumri / því séð hef eg fljúga / fannhvíta svaninn úr sveitum / til sóllanda fegri; /sofinn er nú söngurinn ljúfi / í svölum fjaldölum ...“ (I, 134). „Söngurinn ljúfi“ kallast á við „söngvarann ljúfa“, þröstinn í „Ég bið að heilsa“ (eiginhandarriti), er sama mynd og enn ein rök fyrir þeim leshætti. Um breytingu söngvarans í vorboða við fyrstu prentun kvæðisins, sjá Helgu Kress 2011.

38 Bjarni Thorarensen 1935:27–28.



tugum flokki, og ortum eftir svo opinbera persónu sem Magnús Stephensen konferensráð, notuð í stefi til að halda flokknum saman sem eins konar sýn hennar en lifnar ekki við sem mynd: „Úti sat und hvítum / alda faldi / fjallkonan snjalla / fögur ofan lög.“ (I, 147–154)<sup>39</sup>

### *La belle*

Samkvæmt athugunum Jakobs Benediktssonar á lýsingarorðum í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar kemur „fagur“ þar oftast fyrir, alls áttatíu og tvisvar ósamsett og þrjátíu og sex sinnum í samsetningum. Algengast er að það sé notað um landslag og gróður en þar á eftir um konur og kvenlega fegurð, oft í merkingunni bjartur, ljós. Þá er það einnig notað um raddir og hljóma. Eftirlætislitir Jónasar er „blár“, notaður um himin, haf og vötn, landið í fjarska, þ.e. bláma fjarlægðarinnar, sem kallast þannig á við græna litinn, þann næstalgengasta hjá Jónasi, um grös og gróður, það sem nálægt er.<sup>40</sup> Jakob nefnir ekki hvaða lýsingarorð Jónas notar um skáldskap, en það er orðið „fallegur“, merkingarlega nokkurn veginn það sama og fagur, að öðru leyti en því að það ber ekki í sér birtuna eins og landið og konan. „Ég fer sem næst um skáldskapinn þinn,“ segir systirin í „Grasaferð“ við frændann, „það er sjálfsagt eitthvað fallegt“ (I, 289), og hann bergmálar: „Það eru nógu falleg kvæði“ (I, 294). Skáldskapur á að vera fallegur, efnið sett fram í „fagurlegri mynd“, eins og segir í rímnadómnum, en það er erfitt, ef ekki ómögulegt. „Ég ætlaði mér að yrkja / einhvern fallegan brag / en þegar til á að taka / ég tími því ekki í dag“ (I, 276), segir Jónas í upphafi lengra kvæðis sem fjallar þannig um sjálft sig og hvernig það ekki verður til, dæmigerður metatexti um skáldið að yrkja hann.<sup>41</sup> Þá var Jónas lengi með

39 Magnús Stephensen lést árið 1833 en kvæðið er yngra, ort eftir pöntun og prentað með öðrum erfilljóðum eftir Magnús árið 1842 (Jónas Hallgrímsson 1989: IV, 165).

40 Jakob Benediktsson 1961.

41 Þetta kvæði hefur þótt ólíkt Jónasi að útgefendur hafa sumir efast um að það væri eftir hann. Það er ekki í frumútgáfu þeirra Konráðs Gíslasonar og Brynjólfs Péturssonar á ljóðum Jónasar frá 1847, jafnvel þótt þeir hefðu það uppskrifað í fórum sínum (Jónas Hallgrímsson 1929–1937:I, 369–370).

„Hulduljóð“, ævikvæði sitt, og lauk því aldrei. Hann byrjaði á kvæðinu í Íslandsferð sinni 1839–1842 þar sem hann fetaði í fótspor Eggerts Ólafssonar í rannsóknaleiðangrum um landið. Í bréfi til Konráðs Gíslasonar, dagsettu í Reykjavík 6. mars 1841, segist hann vera að kryfja kútmaga og skelettera fugla, en „þess á milli að yrkja ‚Hulduljóð‘. Það verður fallett kvæði.“ (II, 66) Í bréfi til Brynjólfs Péturssonar, dagsettu í Sórey 25. febrúar 1844, svarar hann fyrirspurn um kvæðið fyrir *Fjölni* og segir: „Ég fæ mig aldrei til að taka á honum Eggerti (ég meina Hulduljóð), svo ég kem honum væntanlega ekki í þetta árið þó ég hefði feginn viljað það. Þú trúir því ekki hvað ég á örðugt með að brjótast fram úr því sem ég er að kafa í ...“ (II, 190). Þessu svarar Brynjólfur í bréfi, dagsettu í Kaupmannahöfn 11. mars 1844: „Mikið er það sárt, að Hulduljóð eru ekki búin, en hvað tjáir um það að tala,“ og tæpum tveimur vikum síðar skrifar Konráð: „Vantar Hulduljóð.“<sup>42</sup>

Fyrir Jónasi er fegurðin kvenleg, ef ekki konan sjálf. Þetta kemur vel fram í einu fyrsta kvæði hans, þar sem kvenleikinn og fegurðin sameinast í fyrirsögninni „La belle“, hin fagra,<sup>43</sup> og henni lýst í upptalningu atriða:

Mín er meyjan væna  
mittisgrönn og fótnett,  
bjarteyg, brjósta-fögur,  
beinvaxin, sviphrein;  
hvít er hönd á snótu,  
himinbros á kinnum,  
falla lausir um ljósan,  
lokkar, háls inn frjálsa. (I, 49)

Andstætt foldinni í „Íslands minni“, þar sem ekkert er tekið fram um aldur, er þessi kona ung, hún er meyja og snót, með hárið slegið, lokkarnir falla lausir, og því þarf hún ekki annað skart. Formið á kvæðunum er hliðstætt, stutt, meitluð og fögur sýn, og í báðum

42 Brynjólfur Pétursson 1964:47; Konráð Gíslason 1984:68.

43 Í eiginhandarriti er fyrirsögn kvæðisins „La belle“, sbr. Jónas Hallgrímsson 1965: 38. Þessu breyttu útgefendur við fyrstu prentun kvæðisins í „Meyjan mín hin væna“, hafa ekki kunnað við útlenskuna (Jónas Hallgrímsson 1847:46).

samsamar ljóðmælandi sig fyrirbrigðinu sem hann lýsir. Hann þekkir landið og stúlkan er hans.

Ljóðið yrkir Jónas á Reykjavíkurlárum sínum, undir samblandi af dróttkvæðum hætti og þulu, áður en hann fer til Kaupmannahafnar, stórborgarinnar, og ættjarðarljóðin með samruna konu og lands taka við. Eins og titillinn gefur til kynna er konan ímynd fegurðarinnar og líkama hennar er lýst í einstökum atriðum á svipaðan hátt og landinu í „Íslands minni“. Björt og brosandi augun samsvara blíðri brá, lokkarnir falla eins og fossarnir, höndin er hvít eins og jöklarnir og brjóstin, kvenleikinn sjálfur, eru fögur.<sup>44</sup> Það er ekkert Ísland sem þarf að framkalla í þessu ljóði, enda skáldið á heimaslóðum, ófarinn utan. Í stað þess kemur himinbrosið, andlit konunnar sem hverfist í himin og staðsetur hana eins og landið í eilífri náttúrumynd. Konan í „La belle“ er strax í upphafi „mín“. Sambandið er persónulegt og gagnkvæmt, hún er þarna. Það er konan líka í „Skønne pige“, löngu kvæði í spurnarformi sem Jónas orti á dönsku um svipað leyti. Í „Skønne pige“ er ljóðmælandi skáld að yrkja til stúlkunnar sem hann ávarpar sem „himmelskønne ideal“. Kvæði sitt kallar hann ýmist söng („min sang“) eða mynd („hendes billede“) (I, 54–55). Þetta eru einu kvæði Jónasar um konuna nærverandi, kominn til útlanda er hún fjarlæg.

### *Það er stúlkan mín*

Eitt þekktasta kvæði Jónasar er „Ég bið að heilsa“ sem hann orti í Sórey vorið 1844 og sendi félögum sínum í *Fjölni* til birtingar. Þetta

44 Við þessa lýsingu á líkamsfegurð konunnar í „La belle“ gerir Guðmundur Andri Thorsson (1990:166) þá ágætu athugasemd að hún jaðri við „gláp“. Hér á hann sennilega við hugtak franska táknfræðingsins Luce Irigaray sem m.a. er skilgreint í grein minni um *Tímabjörgin* eftir Steinunni Sigurðardóttur (Helga Kress 1988: 71). Hugtak Irigaray fjallar um það hvernig karlar hafa ævinlega skilgreint konur og markað þeim stað með glápi, eða því sem hún einnig kallar „fallískt augnaráð“. Þannig verða þær speglun af ímyndun þeirra, líkamar án sjálfsvitundar. Til að verða sýnilegar verða konur að koma sér í sjónmál karla, en það gera þær m.a. með skarti, sem aftur minnir á skartklæddu foldina í ljóðum Jónasar. Einnig má hér benda á hugtakið „visual pleasure“, eða sjónræna nautn, sbr. Luru Mulvey (1989) sem beitir því á kvenlýsingar í kvikmyndum, einkum kvenlíkamans, en nýttist ekki síður við greiningu á ljóðum.

er sonnetta, sú fyrsta á íslensku. Í henni fer saman útlent form og íslenskt efni, og er eins og Jónas vilji með þessu upphefja, eða sameina, þessar andstæður, Ísland og útlönd, sem verða að einu í ljóðinu. Þetta einkennir fleiri ljóð Jónasar, eins og t.a.m. „Gunnarshólma“ sem með lýsingum á íslensku landslagi er að hluta til terzína, eins og *Divina Commedia* Dantes, sú fyrsta á íslensku.<sup>45</sup> „Ég bið að heilsa“ er kveðja og kemur fjarlægð þess sem í ljóðinu talar, skáldsins erlendis, því strax fram í heiti þess. Ljóðið er í senn ástarljóð og ættjarðarljóð, sprottið af aðskilnaði frá landi og konu og þrá eftir þessu tvennu. Það sem vekur upp þrána eru vorvindarnir þegar náttúran lifnar og allt stefnir „heim að fögru landi Ísa“ (I, 196) nema skáldið sem kemst ekki. Í staðinn sendir það kveðju sem er kvæðið sjálf. Hann ákallar fyrst vindana og báurnar sem hann gefur rödd skáldskaparins, blíðan róm: „Ó, heilsað öllum heima rómi blíðum“ (I, 197), en þrengir síðan sjónarhornið að þrestinum, sem er bæði farfugl og söngfugl, þ.e. skáld, og biður hann fyrir sérstaka kveðju, en hún hljóðar svo í eiginhandarriti Jónasar:

Söngvarinn ljúfi, fuglinn trúr sem fer  
með fjaðrabliki háa vegarleysu  
í lágan dal að kveða kvæðin þín,  
heilsaðu einkum, ef að fyrir ber  
engil með húfu og grænan skúf, í peysu;  
þröstur minn góður! Það er stúlkan mín.<sup>46</sup>

45 Gott yfirlit yfir bragarhætti Jónasar má fá í ritinu *Arfur og umbýlting: Rannsókn á íslenskri rómantik* eftir Svein Yngva Egilsson (1999:315–364).

46 Jónas Hallgrímsson 1965:183. Í bréfi til Jónasar, dagsettu í Kaupmannahöfn 10. apríl 1844, þakkar Brynjólfur Pétursson honum fyrir kvæðið um leið og hann leggur til breytingar og eru það einkum stúlkan og fuglinn, tvær miðlægustu myndir kvæðisins, sem verða fyrir bardinu á þeim: „Konráði þykir engillinn vera of kímilegur, en orðið ‚söngvari‘ líkar okkur ekki“ (Brynjólfur Pétursson 1964: 49). Við prentun ljóðsins í *Fjölmi* 1844 hafði fuglinum verið breytt í vorboða (og þar með dregið úr eiginleikum hans sem skálds), lágum dal í sumardal (fuglinn látinn boða vor um sumar) og engillinn klæddur upp, græni skúfurinn gerður rauður (sem er rangur litur á íslenskum skúfum) (*Fjölmi* 1844:105–106). Með þessum breytingum hefur kvæðið verið prentað síðan. Um frekari umræðu, sjá grein mína „Söngvarinn ljúfi: Um orð og myndir í kvæði eftir Jónas Hallgrímsson“ (Helga Kress 2011).

Landið, konan og skáldið — skáldskapurinn — heyra hér saman, og það sem m.a. tengir þau er eignarfornafnið „minn“. Bæði fósturjörðin og stúlkan eru „mín“, kvenkyns, og þrósturinn, söngvarinn, er „minn“, karlkyns eins og skáldið sem samsamar sig honum og fylgir eftir í huganum. Áfangastaðurinn er heima/heim, „fósturjarðar minnar strönd“, og er nafn landsins, greypt í kvæðið, „fagurt land Ísa“. Það er þarna. Það er hins vegar óvíst með stúlkuna sem er skilyrt: „ef að fyrir ber“ (I, 197), og er kannski ekki til nema í þessari einu kvæðu, (kven)engill í peysufötum með húfu og grænan skúf, frumleg hugarsýn, alls ólík fjallkonunni sem skautar hvítum faldi. Engillinn fannst Konráði Gíslasyni „kímilegur“ sem hann líka er. Þetta er rómantísk íróna, dæmigerð fyrir Jónas sem þannig snýr oft upp á kvæði sín í lokin til að minna á að þau eru skáldskapur og ýta þannig við lesendum með kímni. Það er því ósennilegt að fuglinn rati nokkurn tímann á stúlku í íslenskum dal sem á við þessa lýsingu og geti skilað til hennar kvæðu skáldsins. Hún er ímynd en íslensk um leið.

### *Ég vil hafa stúlkurnar heima*

Að konan eigi að vera íslensk, og ekki bara það, heldur á Íslandi og gott ef ekki Ísland sjálft, kemur skemmtilega fram í frásögn Tómasar Sæmundssonar í bréfi til Jónasar, dagsettu í Kaupmannahöfn 28. október 1828, þar sem hann m.a. lýsir fyrir honum menningarlífi borgarinnar:

Tragedíurnar eru ei til annars en gera mig melankólskan, og dömurnar grátandi allt um kring gerðu þægilegt indtryk ef þær væru allar íslenskar, en af því þær ekki eru það, bið ég guð fría mig frá að verða í þeim forliebtur. Nei, ég vil hafa stúlkurnar heima ...<sup>47</sup>

Í sama bréfi víkur hann að náttúrunni sem á líka að vera íslensk. Að vísu sé danska náttúran indæl „utanbæjar“ um sumartímann: „En — ég skil ekki í því sjálfur — það er eins og mér finnist ekki neitt til þess koma af því það er hérna.“ Þótt hann sjái að allt sé „hér betra og

47 Tómas Sæmundsson 1907:48. Stafsetning er færð til nútímahorfs.

þægilegra þegar peninga ekki skortir, og þá skortir ekki skaðlega“ hafi hann „samt svo mikla löngun til að finna kerlinguna hnarreistu heima, hana móður okkar“. <sup>48</sup> Með þessu kvengerir hann landið sem móður, nánar tiltekið „kerlingu“, hnarreista og stolta eins og íslensku fjöllin. Í sömu andrá viku hann að tungumálinu, sem einnig á að vera íslenskt, og um dönskuna segir hann: „Mér leiðist að heyra þetta barbaríska mál allt um kring mig og geta aldrei brúkað mitt, nema einstöku sinnum á meðal landa, sem ég þá fæsta get liðið.“

Ísland sem móður hefur Tómas úr kvæðum Eggerts Ólafssonar sem hann gaf út í veglegu riti árið 1832 og hafði mikil áhrif á Jónas. <sup>49</sup> Fyrsta kvæðið heitir „Ísland“, í „hverju Ísland, í líkingu einnar konu segir ævisögu sína“, eins og segir í skýringum höfundar við kvæðið. <sup>50</sup> Það er mjög langt, lagt í orðastað landsins/konunnar sem í upphafi lýsir sjálfri sér, enn ungri og fagurri, í myndmáli sem hljóðar eins og uppskrift að ljóðum Jónasar:

Þá var eg best í blóma:  
 búin í gull og skart  
 sat eg fríð með sóma,  
 sólarbirtan snart  
 faldinn lýsti fagurlig;  
 klæðin græn og kristalsbönd  
 klæddu og prýddu mig.<sup>51</sup>

Myndmálið útskýrir höfundur í neðanmálgreinum á sömu blaðsíðu. Faldurinn sem lýsir svo fagurlega eru jöklarnir. Um klæðin græn segir að „Ísland var þá grænum grösum gróid og skógi vaxið fram til jökla“ og eru kristalsböndin „hóglegir klárir lækir og vatnsföll“. Eins og hjá Jónasi er landið skartklætt og baðað sól. Það

48 Sama rit:46.

49 Tómas var einn þriggja útgefenda en mun hafa unnið þeirra mest að útgáfunni sem er afar vönduð, „útgefin eptir þeim beztu handritum sem feingizt gátu“, með bæði inngangi og mjög svo ítarlegum og fróðlegum skýringum höfundarins sjálfs við kvæði sín. Sbr. Eggert Ólafsson 1832.

50 Eggert Ólafsson 1832:9.

51 Sama rit. Jónas leit mjög upp til Eggerts, bæði sem skálds og vísindamanns. Í minnisgrein um Tómas Sæmundsson getur hann Eggerts sem „mesta mannsins sem ég held Ísland hafi átt á seinni öldum“ (I, 376).

stendur þó ekki lengi því að Ísland giftist, fyrst landnámsmönnum, og eignast fjölda barna, einkum syni sem í upptalningu eru efnilegir í byrjun en þróast ekki vel: „Hvar er höfðings þótti? / Hvar er rausnin nú? / Hvar er herrans ótti? / Hvar er dyggð og trú?“<sup>52</sup> Þeir fara heldur ekki vel með hana, faldurinn sjúskast, fær „ryk og kám, / allt er af sér gengið, / er eg í kyrtli grám“, og ellimóð lendir hún í hrakningum: „ennið lemur frost og fjúk; / því er ei kyn þó kerling sé / kararaum og sjúk.“<sup>53</sup> Móðirin kemur fyrir í fleiri kvæðum Eggerts, oftast gömul eins og landið. Í „Sótt og dauði Íslenskunnar hinnar afgömlu móður vorrar, í tveimur kvæðum samsett“ er hún tungumálið á banabeði. Hún boðar til sín börn sín, Íslendingana, segir þeim „veikleika sinn og hans orsök“ og sendir synina í meðala-leit: „Kaupa skuluð skrár á prent, / skrifuð blöð og pergament, / með óblandað Ísa-mál / að endurlífga mína sál; / fengi eg stöppu af þeim inn, það eyddi tál.“<sup>54</sup> Leitin skilar ekki árangri, efnið í stöppuna fyrirfinnst ekki, og kvæðið endar á útför móðurinnar.

Móðirin/landið sem sætir illri meðferð kemur víða fyrir í kvæðum Jónasar. Í erfikvæði um séra Þorstein Helgason er því lýst sem líkamlegu ofbeldi og tengt dauða sonarins sem fyrirfer sér: „Og góður sonur getur ei séna / göfga móður með köldu blóði / viðjum reyrða og meiðslum marða, / marglega þjáða, og fá ei bjargað.“ (I, 137)<sup>55</sup> Í „Vísum Íslendinga“, veislukvæði, ortu í Kaupmannahöfn í tilefni af heimferð Íslendinga er honum óskað heilla, „því þú ert vinur vorrar gömlu móður / og vilt ei sjá, að henni neitt sé gert“ (I, 64), og með því gefið í skyn að hann fari heim til að vernda móðurina. Í báðum kvæðunum er lögð áhersla á sýnina, og landið sem móðir gert sýnilegt.

Kvæðabók Eggerts hefst á kvæðinu „Ísland“. Það gerir einnig rit þeirra Fjölnismanna, *Fjölnir*, með samnefndu kvæði Jónasar, sem jafnframt má líta á sem eins konar stefnuskrá þess. Eins og kvæði

52 Sama rit:24.

53 Sama rit:20–21.

54 Sama rit:124–125.

55 Þorsteinn Helgason (1806–1839) var prestur í Reykholti. Hann veiktist á geði og drekkti sér í Reykjadalá 7. mars 1839 (Jónas Hallgrímsson 1989:IV, 161–162).

Eggerts hefst það á kvengervingu landsins ásamt spurningu móðurinnar í „Íslandi“ hans sem ljóðmælandi Jónasar gerir að sinni og beinir til hennar:

Ísland! farsældafrón og hagsælda hrímhvíta móðir!  
Hvar er þín fornaldarfrægð, frelsið og manndáðin best? (I, 63)

Eins og oft hefur verið á bent svipar kvæði Jónasar mjög til „Island“ eftir Adam Oehlenschläger sem hefst á svipuðu ávarpi: „Island! Oldtidens Øe! Ihukommelsens vældige Tempel.“<sup>56</sup> Upptalning á fornaldarhetjum er sú sama (en hana er reyndar einnig að finna í „Íslandi“ Eggerts), hátturinn er sá sami (hexameter), og bæði byrja kvæðin á því að ávarpa landið, Ísland. En kvengerving þess, móðurmyndin, er ekki hjá Oehlenschläger. Hún er íslenskt framlag Jónasar, komin úr „Íslandi“ Eggerts, en fegruð, með áherslu á hárið, táknmynd kvenleikans, hrímhvítt. Kvæðum þeirra beggja er ætlað að vekja þjóðina, Íslendingana til dáða. Með því að kvengera landið sem móður, og sýna hana gamla, höfða þeir til karlmennsku, ef ekki sektarkenndar, sonanna sem mega ekki bregðast.

### *Kvæð hann um fold og fagra mey*

Í formála sínum að *Kvæðum* gefur Eggert Ólafsson yfirlit yfir íslenska og erlenda skáldskaparfræði ásamt skilgreiningu á því hvað sé að vera skáld, eða öllu heldur hvað sé að vera ekki skáld. Hann segir:

... má af þessu öllu saman skilja, hvað útkrefst til að vera fullkomið skáld, og að margir eiga ei með öllu það nafn, þó þeir megi sémilígt skáld heita. Sumir kveða bæði fljótt og liðuglega, en þá vantar efni, innföll og andagift;

56 Kvæði Oehlenschlägers er til í tveimur gerðum. Hér er vitnað til yngri og styttri gerðarinnar frá 1823, sem líklega er að Jónas hafi haft fyrir sér, sbr. Oehlenschläger 1823:182–183, en þar er kvæðið 14 línur, og eyjan forn, sbr. fornaldarfrægðina hjá Jónasi. Í eldri og lengri gerðinni frá 1805 er það 40 línur og hefst á orðunum: „Island, hellige Øe! Ihukommelsens vældigste Tempel!“ (Oehlenschläger 1805:233–236). Sveinn Yngvi Egilsson (1999:344) telur líklegt að kvæði Jónasar hafi verið hugsað sem svar við hástemmdri fornaldardýrkun Oehlenschlägers og hafi Jónas með því viljað bæta um betur.



þeir eru kallaðir og haldnir góð skáld, en hafa ei utan þá grein íþróttarinnar, sem nefnist hagamælska.<sup>57</sup>

Máli sínu til stuðnings vitnar hann í latneska skáldið Hóras („Horatius“), erindi sem hefst svo í íslenskri þýðingu hans:

Þú skalt ei kalla skáld þann hvern sem vísu  
gjörir, eðr einsog vér yrkir sléttu tali nær.

Framhaldið er nokkuð óskýrt í þýðingunni en felur í sér að skáld skuli þann einan kalla sem yrki um háleitt efni á háleitu tungumáli.<sup>58</sup> Þannig yrkir ekki Jónas, heldur einmitt, eins og Hóras, á máli „sléttu tali nær“, og er því ekki skáld fremur en hann.<sup>59</sup> Í samræmi við það hefjast „Hulduljóð“, kvæðaflokkurinn um Eggert Ólafsson, á írónískri vísun í þýðingu hans á orðum Hórasar:

Skáld er eg ei, en huldukonan kallar  
og kveða biður hyggjuþungan beim. (I, 116)

Eins og í mörgum kvæðum Jónasar er ljóðmælandi skáld, karlmaður, sem talar í fyrstu persónu, hrópar, ákallar og spyr. Það er þungt yfir honum, og hann „þrumir“ (I, 116) á bergi (Parnassos?), hulinn þöku og án þess að geta ort. Huldukonan, sem blæs honum

57 Eggert Ólafsson 1832:5.

58 Eggert Ólafsson 1832:7. Erindið sem Eggert vitnar til, bæði á latínu og íslensku, reynist vera úr *Satiarum Liber I, IV* (línur 41–44), þar sem Hóras er að gera grín að sjálfum sér og telur sig ekki skáld af því hann yrki á einföldu máli um einföld efni. Eggert misskilur þetta, sér ekki íróníuna. Það gerir ekki heldur breski útgefandi satírunnar (á latínu og ensku) í eftirfarandi athugasemd við erindið: „The attributes of a poet Horace considers essential, are genius, inspiration; and dignified sentiments, and language suited to high subjects“ (Hóras 1853:368).

59 „Ég er ekki skáld, eins og þú veist,“ segir Jónas í stuttu gamanbréfi til eins af Fjölnismönnum, birtu að honum forspurðum í *Fjölni* (1837:30), og vísar í einhver ummæli, fleyg orð, sem viðtakandi á að þekkjja. Þá segir Benedikt Gröndal frá því í ævisögu sinni að þegar hann var í efri bekk Bessastaðaskóla (sem mun hafa verið veturinn 1843–44) hafi Grímur Thomsen komið frá Kaupmannahöfn, dvalist á Bessastöðum og umgengist þá skólapilta: „Grímur var ákaft hrifinn af Bjarna Thorarensen og hefur ritað um hann á dönsku í ‚Gæa‘; hann hafði það sí og æ á vörnum við okkur. ‚Bjarni Thorarensen er skáld, en Jónas Hallgrímsson ekki skáld.‘ Grímur hefur, að minnsta kosti þá, haft undarlega skoðun á skáldskap“ (Benedikt Gröndal 1923:109).

kvæðið í brjóst er hvort tveggja í senn skáldskapargyðja og táknmynd landsins, huldan í hamrinum. Ljóðmælandi, sá sem ekki er skáld, svarar kalli hennar með því að endurvarpa því og biðja hana að koma til sín: „sólfagra mey! djúpt undir bergi bláu, / bústu að sitja vini þínum nær“ (I, 116). Þannig ávarpar hann hana ýmist með „Hulda!“, „ó, Hulda!“, „ó, Hulda kær“, „mín Hulda kær!“ (átta sinnum) eða „sólfagra mey!“ (fimm sinnum), og það í upphrópunum eins og til að halda henni hjá sér eða fullvissa sig um að hún hlusti.<sup>60</sup> Það fyrsta sem hann sér þegar hún birtist er döggvott hárið, „fagurt lokkasafn“ (I, 118), kvenleikinn sjálfur.<sup>61</sup>

Sviðsetningin er sú sama og í „Grasaferð“. (Karl)skáldið og konan sitja saman í fjallshlíð og tala um skáldskap. Þetta er útópían. Í „Grasaferð“ varð hún að sitja þétt upp við hann til að hann gæti sagt frá, í „Hulduljóðum“ verður hún að halla sér að honum svo að hann geti ort:

Hér vil eg sitja, hér er okkar staður,  
ó, Hulda! þar til sól úr ægi rís.  
Hallaðu lokkahöfði bjarta þínu,  
mín Hulda kær! að vinarbrjósti mínu. (I, 119)

Svo mikil áhersla er lögð á snertinguna við hárið að bónin er endurtekin í upphafi þarnaesta erindis, forsenda þess að skáldið geti ort: „Hallaðu lokkahöfði bjarta þínu / að hjarta mér sem nú er glatt og traust, / hallaðu þér nú hægt að brjósti mínu.“ (I, 119) Meðan hann yrkir fylgist hann með viðbrögðum hennar og leitast við að túlka þau. „Hulda! hví grípa hendur þínar ljósu / um hendur mér og hví svo viknar þú?“ (I, 121)

Hulda er ekki aðeins skáldskapargyðja, hún er einnig ástargyðja, unnusta skáldsins Eggerts Ólafssonar sem hún særir fram fyrir sjónir ljóðmælanda og hann lýsir fyrir henni um leið og hann

60 Um dramatísk stílbrögð í „Hulduljóðum“, sjá Dagnýju Kristjánsdóttur 1992: 113 o.áfr.

61 Eins og Guðrún Nordal (1994) hefur bent á er margt líkt með „Hulduljóðum“ og „Sæunni hafkonu“, þýðingu Jónasar á kvæði eftir Heine (úr flokknum „Heimkehr“). Bæði lýsa þau þokukennendum heimi við strönd og samskiptum karlskálds við hafmeyju/huldukonu.

ávarpar þau til skiptis: „Sólfagra mey! eg sé — nú leit minn andi / þann seglið vatt í byrnum undan Skor / og aldrei síðan aftur bar að landi — / Eggert! ó hyggstu þá að leita vor?“ (I, 117) Í „Huldu-ljóðum“ er mikið um retórískar spurningar sem eru ýmist látnar standa opnar eða ljóðmælandi svarar sér sjálfur. Þannig spyr hann af hverju Eggert hafi yfirgefið sjóinn og gengið á land þótt hann viti svarið:

ó, hve hann hefir eftir þráð að líta  
ástarland sitt með tignarfaldinn hvíta. (I, 118)

Ástarlandið sem Eggert þráir er Ísland, það sama og sjá má í kvæðum hans, skautbúin kona með háan fald, fjöllótt land með jökultinda.<sup>62</sup> Hér tengist það hins vegar ekki móðurinni, eins og í kvæðum hans, heldur Huldu, skáldskapargyðjunni, ástargyðjunni, sem vakti hann upp. „Þú elskar hann, þess ann eg honum glaður,“ segir ljóðmælandi við hana í samsömun sinni við Eggert, afturgenginn tvífara sinn. „Ástin er rík, og þú ert hennar dís.“ (I, 119) Hugmyndin um (ást)konuna sem uppsprettu skáldskapar er þó hvergi að finna í kvæðum Eggerts, hún er alfarið frá Jónasi komin.

Í myndinni af Eggerti, þar sem hann sem stígur „upp af bárum“ (I, 118) eins og hafmeyja og varpar af sér „marblæju votri“, felst viss kvengerving sem fylgir lýsingu hans til enda, þótt hann sé einnig „sterkur og frjál og fríður“ (I, 121). Á land kominn „svipast“ hann um „með tárur“ og á skoðunarferð sinni um barngerða náttúruna, sem móðirin hefur svæft, „svífur“ (I, 121) hann eins og hún, „svásúðleg mynd“ (I, 121) og fögur: „Ó, Eggert! hversu er þinn gangur fagur!“ (I, 118) Hann „líður yfir ljósan jarðargróða“ og sér það lága og smáa, „litfögur blóm“ (I, 119) sem „smálíta upp að

62 Þessi mynd af fjallalandinu/tignarfaldinum sem Eggert þráir kallast skemmtilega á við heimþrárkvæði hans „Heimsótt“, sem hann útskýrir svo í aðfararorðum: „Um girnd útlendra manna að vitja aftur föðurlandsins, einkum Íslendinga og annarra, sem á fjöllóttum löndum eru aldir“ (Eggert Ólafsson 1832:116). Kennning hans, bæði um heimþrána sem sótt (sjúkdóm) og að hún sæki einkum á þá sem eru frá fjöllóttum löndum, kemur nákvæmlega heim og saman við kenningar Simons Bunke (2009) sem í riti sínu *Heimweh* skilgreinir heimþrána sem sjúkdóm og tekur sérstaklega fyrir bókmenntir frá fjallalandinu Sviss (m.a. barnasöguna *Heidi* eftir Johanna Spyri frá 1879).

gleðja skáldið góða“ (I, 119) og bjóða hann velkominn. Hann svarar þeim og talar við þau í kvæði sem einkennist af kvenlegri nærskynjun og myndmáli smáðarinnar: „Smávinir fagrir, foldarskart, / fífill í haga, rauð og blá / brekkusóley! vér mættum margt / muna hvert öðru að segja frá.“ (I, 120) Þetta eru endurfundir, þau eru þarna „öll í haganum enn“ (I, 121), þekkjast og hafa talað saman áður, sbr. „Þið þekkið fold með blíðri brá“, upphafslínu „Íslands minni“. Þótt skáldið hafi farið er landið á sínum stað og má ekki gleymast. Eins og „Dalvísa“ og „Íslands minni“ endar kvæði/kveðja Eggerts á bæn: „Faðir og vinur alls sem er! / annastu þennan græna reit.“ (I, 120) Landið/náttúran er í hættu og þarfnast karllegtrar verndar. Hinn endanlegi áfangastaður Eggerts er græni reiturinn þar sem hann staldrar við, hliðstæður græna skúfnum í leiðarlýsingu söngfuglsins í „Ég bið að heilsa“, táknmyndir nálægðarinnar andstætt blámanum í fjarska.

Kvæðið sem Jónas leggur Eggerti í munn líkist í engu gróteskum kvæðum Eggerts sjálfs. Það eina sem tengir er foldarskartið, landið sem skartklædd kona. Á samtönnun þessara yrkisefna leggur Jónas áherslu í eins konar eftirmælum um Eggert, síðasta hluta „Hulduljóða“, sem hann leggur alþýðuskáldinu, smalanum, í munn:

Kvað hann um fold og fagra mey  
fagnaðarljóð er gleymast ei. (I, 123)

Með eftirmælum smalans snýr Jónas upp á „Hulduljóð“ í anda rómantískrar íróníu og slær því þeim upp í grín, „kímilegt“ oflof um Eggert.<sup>63</sup> Það verður nefnilega tæpast sagt um kvæði hans að þau samræmist kröfunni um „fagurlega mynd“.<sup>64</sup> Það gera hins vegar

63 Sbr. einnig Guðrúnu Nordal 1994:284–286. Um eftirmælin sem sagnadans, sjá Svein Yngva Egilsson 1999:107.

64 Eggert orti að vísu heilmikið um íslenskar konur, en sjaldnast mjög fagurlega, og stundum beinlínis klúrt, ef ekki óskiljanlega: Í „Konukosningu“ gefur hann körlum ráð um hvernig þeir skuli velja sér konu og hljóðar eitt erindið svo: „Hrundin líti hýrt til þín með hægu móti / má hún vera, að mínu viti, / mjúk og ljúf í hvílu striu“ (Eggert Ólafsson 1832:198). Þá hefst kvæðið „Um íslensku stúlkurnar“, sem á líklega að vera dróttkvætt, svo: „Yndisverð á Íslandi / eru víf mjólfuð, / satt er það: / ásján hvít, áþekk mættum / augu hrein gimsteini / í allan stað ...“ (Eggert Ólafsson 1832:199).

kvæði Jónasar sjálfs um sömu yrkisefni, einfölduð og fegruð í skáldskap hans.

„Hulduljóð“ eru metatexti, ljóð sem hverfist um sjálft sig. Í umræðunni um skáldskapinn vísar Jónas beinlínis í sjálfan sig þegar hann lætur ljóðmælanda býsnast yfir ástandi bókmenntanna: „Gleymd eru lýðnum landsins fögru kvæði, / leirburðarstagl og holtapokuvæl / fyllir nú breiða byggð með aumlegt þvaður, / bragðdaufa rímu þylur vesæll maður.“ (I, 117) Eins og í rímnadómnum í *Fjölni* eiga kvæði að vera fögur, sett fram í fagurlegri mynd.<sup>65</sup> Umræða um vondan skáldskap er ekki efni í fagurt kvæði, hún tilheyrir prósanum: bréfum, ritdómum og greinum, er ókvenleg og skáldskapargyðjunni ekki að skapi. Á þetta bendir ljóðmælandi sjálfur, lofar Huldu bót og betrun, og kemur um leið fram sem skáld á yrkjandi stund: „Háðungarorð sem eyrun Huldu særa / ei skulu spilla ljóði voru meir.“ (I, 117) Þannig eru „Hulduljóð“ ljóð um ljóð, um vanda skáldskaparins, þess að yrkja í anda skáldskapargyðjunnar og kvenleikans.

„Hulduljóð“ eru ljóð Huldu, innblásin af henni. Þau eru jafnframt „næturmyndir“ (I, 116) sem hún, „sólfögur“, lýsir upp en hverfa þegar dagar. Hulda er sjónhverfing, sýn, sem skáldið horfir á eftir og kveður um leið og ljóð hans fjarar út: „Vertu nú sæl! Því sólin hálsa gyllir / og sjónir mínar hugarmyndin flýr.“ (I, 122) Kveðjan sem bæði skilur að og tengir er sú sama og skáldið sendir með fuglinum í „Ég bið að heilsa“, og er hér endurtekin með heitstrengingu: „Vertu nú sæl! Þótt sjónum mínum falin / sértu, ég alla daga minnst þín.“ (I, 122) Þannig er konan hverfandi mynd, falin sjónum skáldsins en er þarna samt.

### *Unir auga ímynd þinni*

Um sama leyti og Jónas er brjótast fram úr „Hulduljóðum“ yrkir hann upp gamalt kvæði frá upphafi skáldskaparferils síns. Það er

65 Hér hefur verið valinn leshátturinn „landsins fögru kvæði“, sbr. eiginhandarrit, þar sem fyrst hefur verið skrifað „fögru“ sem síðan hefur verið krotað í með orði sem gæti verið „fornu“, samt mjög óljóst. Undir þetta er strikað með brotalínu sem venjulega merkir að það upphaflega skuli standa (Jónas Hallgrímsson 1965: 135). Útgáfur hafa hins vegar valið lesháttinn „landsins fornu kvæði“.

fyrirsagnarlaust í handriti, en hefst á orðunum: „Man eg þig, mey!“ sem aftur bergmála í kveðjuorðum „Hulduljóða“. <sup>66</sup> Kvæðið birti hann í *Fjölni* 1843 undir heitinu „Söknuður“ og undirfyrirsögninni „Breytt kvæði“. <sup>67</sup> Hugmyndin að „Man eg þig, mey!“ er fengin úr kvæði Goethes, „Nähe des Geliebten“ sem hefst á orðunum: „Ich denke dein“ (Ég minnst þín). Í ljóði Goethes er ljóðmælandi yfirgefin kona sem saknar unnusta síns og hún minnst í öllu sem fyrir hana ber, m.a. þegar hún sér ryk undan hófum hesta. Erindin eru fjögur og hefjast öll á því hvernig hún skynjar nálægð hans: „Ich denke dein“, „Ich sehe dich“, „Ich höre dich“, „Ich bin bei dir“, stef sem enduróma í kvæði Jónasar með orðunum „muna“, „heyra“ og „sjá“ ásamt tengingu við himintungl og myndir náttúrunnar. Ljóð Goethes er unnið upp úr ljóði eftir (nú) tiltölulega óþekktu dansk/þýska skáldkonu, Friederike Brun (1765–1835). Það heitir „Ich denke Dein“, og er fyrirsögnin endurtekin sem stef í byrjun erinda, nákvæmlega eins og hjá Goethe. Sagt er að ljóðið hafi höfðað til hans þegar hann heyrði það sungið við lag eftir tónskáldið Zelter í Jena 1795, en talið sig geta gert betur og því ort það upp. <sup>68</sup> Þannig hefur hann litið á það sem „uppkast“ fyrir sig. Ljóð hennar féll í gleymsku en hans lifði og varð eitt af þekktustu ljóðum hans. <sup>69</sup> Ekki er gott að vita hvort Jónas hefur þekkt til skáldkonunnar Friederike Brun, þótt hún hafi lengst af átt heima í Kaupmannahöfn þar sem hún hélt „salon“ (á Sofienholm) fyrir skáld og listamenn. Ekki hafa fundist heimildir fyrir því að Friederike Brun hafi verið

66 Jónas Hallgrímsson 1965:41–43. Um nákvæman samanburð á þessum tveimur gerðum kvæðisins, sem og tengslum þess við kvæði Goethes, sjá Ringler 1995.

67 Undirfyrirsögnin vísar írónískt til fyrri gerðar, sem telja má „uppkast“, og breytinga ritstjórnar *Fjölnis* á kvæðum höfunda, sbr. umræðu hér að framan og nmgr. 20. Þessu kvæði þurfti ekki að breyta, höfundur var búinn að því sjálfur.

68 Í bréfi til vinar síns, dagsettu 15. júní 1796, segir Goethe um Zelter: „Seine Melodie des Liedes: Ich denke dein hatte einen unglaublichen Reiz für mich, und ich konnte nicht unterlassen, selbst das Lied dazu dichten“ (*Goethe Handbuch* 1996:272). Hann nefnir hvorki skáldkonuna né ljóð hennar þótt hann hafi sannanlega nýtt sér það.

69 Kvæði Goethes er víða prentað, m.a. í Goethe 1827:58. Fjölmörg tónskáld á eftir Zelter hafa samið við það lag, m.a. Schubert. Kvæði skáldkonunnar birtist í *Gedichte von Friederike Brun* og er þar árssett 1792 (Brun 1795:44–45).

þekkt á Íslandi, svo að Jónas kann að hafa náð til kvenleikans í ljóði hennar með Goethe sem millilið. Kvæði Goethes er undir sama hætti og kvæði Friederike Brun, þar sem langar línur skiptast á við stuttar í fjögurra lína erindum.<sup>70</sup> Með ljóðahættinum íslenskar Jónas kvæði Goethes og staðsetur í íslenskri eddukvæðahefð. Einnig vísar hann, sem víðar, í myndmál og orðalag eddukvæða, en nær eingöngu í lýsingar þeirra á konum.

Svo mjög samsamar Jónas sig tilfinningum ljóðmælanda, konunnar í kvæði Goethes, að hann skiptir um kyn og gerir ljóðmælanda að karlmanni sem saknar og minnst horfinnar unnustu, og setur hann þar með í kvenlega stöðu.<sup>71</sup> Það sem vekur upp minninguna, jafnt sem ljóðið, er sólin:

Man eg þig, mey!  
er hin mæra sól  
hátt í heiði blikar. (I, 49)<sup>72</sup>

Eins og í ljóðum þeirra Goethes og Friederike Brun finnur ljóðmælandi, sem reynist vera skáld, fyrir nálægð þess elskaða í náttúrunni sem hann lífgar og gefur mál. Allt talar um hana, á máli skáldskapar, ástarinnar: „Heyri eg himinblæ / heiti þitt / anda ástarrómi; / fjallbuna þylur / hið fagra nafn / glöð í grænum rinda.“ (I, 49) Hún hefur fagurt nafn sem er ekki gefið upp en er tvívegis sett fram án orða með (samkynja) hljóðum náttúrunnar, karlkennds himinblæsins og kvengerðrar fjallbununnar, og nafnið er bara fyrir hann. Það heyrir það enginn annar. Náttúran talar á skáldlegu máli, ástarrómi sem er mál skáldskaparins. Eins og í fleiri ljóðum Jónasar er staðsetningin græni reiturinn, rindinn, og þar eru þau tvö saman, ljóðmælandinn/skáldið og konan sem hann framkallar í náttúrumyndum:

70 Um frekari skilgreiningu og umræðu, sjá Meyer 1963:129–131 (um Goethe) og 143–146 (um Brun).

71 Dick Ringler (1995:26–28) telur að undirfyrirsögnin vísi til þessarar breytingar á kyni ljóðmælanda, fremur en breytingar frá fyrri gerð, en ræðir þó báða möguleika. Sjá einnig Jónas Hallgrímsson 1989:IV, 113.

72 Hér er vitnað í ljóðið eins og það er í „Söknuði“ nema þar sem fjallað er um breytingarnar sérstaklega.

Lít eg það margt  
er þér líkjast vill  
guðs í góðum heimi;  
brosi dagroða,  
blástjörnur augum,  
liljur ljósri hendi. (I, 50)

Á sama hátt og hann þráir hana vill náttúran líkjast henni, hún er markmið þeirra beggja. Lýsingin á líkama hennar minnir á „La belle“. Sólarupprásin vill vera eins og brosi hennar (himinbrosið), stjörnurnar eins og blá augun, og blómin eins og hvít höndin. Þannig horfir hann á hana í myndum náttúrunnar, og aðeins þannig nær hann við hana sambandi. Orðræðan er ég-þú, þau eru tvö saman. Hann bæði talar við hana og spyr, en án svars. Þannig er aðskilnaði þeirra, sem lögð er áhersla á með eignarfor nafninu „okkar“ (sem ekki má sundur slíta), lýst í spurningum:

Hví hafa örlög  
okkar beggja  
skeiði þannig skipt?  
hví var mér ei leyft  
lífi mínu  
öllu með þér una? (I, 50)<sup>73</sup>

Spurningunum er ósvarað og þær standa opnar, eins og í „Huldu-ljóðum“. En í næsta erindi hefur konan gengið „þá götu“ er hún „ganga hlýtur“. Hann horfir á eftir henni „sorgaraugum“ og hún umbreytist í skáldskap, verður „hin ljósa mynd“ (I, 50), búin til úr sorg.<sup>74</sup>

Í „Man eg þig, mey!“ eiginhandarriti Jónasar, er erindi sem hann hefur sleppt í „Söknuði“, og er hvergi prentað nema aftanmáls í skýringum,<sup>75</sup> en í því kemur samsömun náttúru/lands og konu betur fram, og það sem ein og sama sýnin að una við:

73 Hér er vísað í „Hávamál“, 97. erindi: „jarls yndi / þótti mér ekki vera / nema við það lík að lífa“ (*Eddukvæði* 2001:39). Vísunin kemur aftur fyrir í „Ferðalokum“, á báðum stöðum fegruð miðað við texta „Hávamála“.

74 „Hin ljósa mynd“ er augljós vísun í „Hávamál“, 92 erindi: „hið ljósa man“ (*Eddukvæði* 2001:92). Athyglisvert er að Jónas breytir „mani“ í „mynd“.

75 Sbr. t.a.m. Jónas Hallgrímsson 1929–1937:I, 327; Jónas Hallgrímsson 1989:IV, 113.



Skær eru hin háu  
himinljós,  
fögur foldarblóm.  
Unir auga  
ímynd þinni,  
saknar sjálfrar þó.<sup>76</sup>

Þrá skáldsins eftir raunverulegri konu kemur hér beinlínis upp á yfirborðið, eftir „henni sjálfri“, sem hann talar til í ljóðinu en er ekki til, og heyrir því heldur ekki orð hans. Þess í stað unir hann við „ímynd“ hennar sem hann býr sér til og birtist honum í myndmáli skáldskaparins, sólinni og fegurð náttúrunnar. Þannig er hún bæði fjarlægur líkami og nálæg náttúra. Um leið er hún samnefni allra kvenna, „sólbjört mey“ (I, 50), sólin sjálf sem lýsir upp myrkið, eins og sólfagra meyjan Hulda í „Hulduljóðum“ sem er ekki í „Man eg þig, mey! en Jónas flytur með sér inn í „Söknuð“: „Sólbjartar meyjar / er eg síðan leit / allar á þig minna“ (I, 50). Sólbjarta meyjan hans, er hins vegar fjarlæg, og aðskilnaðurinn við hana leiðir til dauða, gott ef ekki heimsendis. Í stað faðmlagsins við skáldskapargjöfuna Huldu í „Hulduljóðum“ og fang systurinnar, skáldkonunnar, í „Grasaferð“, styður hann sig „að steini“, hörðu, köldu og lífvana efni.<sup>77</sup> Um leið hverfist kvæðið í metatexta, ljóðmælandi er skáld, hann missir málið, tunga hans „stirðnar“ og kvæðinu lýkur:

<sup>76</sup> Jónas Hallgrímsson 1965:41.

<sup>77</sup> Í grein sinni „Styð eg mig að steini“ ber Dick Ringler „Man eg þig, mey!“ saman við erfikvæði um Guðrúnu Stephensen sem Jónas orti um svipað leyti, en í því kvæði er maður hennar, Magnús Stephensen, látinn styðja sig „harmbeygður“ (I, 57) við stein, á sama hátt og ljóðmælandi í „Man eg þig, mey!“ Steininn í erfikvæðinu telur Ringler vera legsteininn yfir Guðrúnu og sviðið kirkjugarðinn þar sem hún er grafin. Sama eigi við um „Man eg þig, mey!“ sem sé því ekki ástarkvæði, „spilt af tilfinningasemi og sjálfsdekri“ (Ringler 1995:9), heldur „sorgarorð sem mælt eru í kirkjugarði eftir sólsetur af manni sem styður sig við legstein ... með öðrum orðum harmljóð, elegía, ort í orðastað karlmanns um konu sem er dái og um sorgina yfir missi hennar“ (Ringler 1995:11). Við svo raunsæislega útlekkingu er það að athuga að legsteinn var ekki settur yfir leiði Guðrúnar í fjölskyldugrafreiti þeirra Stephensena í Viðeyjarkirkjugarði fyrr en 1933, rúmri öld eftir lát hennar, og steinninn liggur flatur, sbr. Inga Sigurðsson 1996:169. Auk þess er ekkert sem bendir til þess að stúlkan í kvæði Jónasar sé dái, heldur varðar dauðamyndin í því ljóðmælanda sjálfan.

Styð eg mig að steini,  
stirðnar tunga,  
blaktir önd í brjósti;  
hnigið er heimsljós,  
himinstjörnur tindra —  
eina þreyi eg þig. (I, 50–51)

Þetta er mynd af deyjandi skáldi, algeng í síðustu ljóðum Jónasar, og það deyr með ákalli til hennar, konunnar/ímyndarinnar, á vör-unum: „Eina þreyi eg þig.“ Þetta er snilldarþýðing á lokaorðunum í kvæði Goethes: „O, wärst du da.“<sup>78</sup> Með því vísar Jónas í lokaerindi „Skírnismála“, óþreyju ástarguðsins Freys eftir jötunmeynni Gerði sem hefur lofað að hitta hann innan ákveðins tíma og hann getur varla beðið: „Löng er nótt, / langar eru tvær, / hve um þreyjag þrjár?“<sup>79</sup> Í „Man eg þig, mey!“ vísar Jónas í þessi orð á fornmáli, en breytir þrjár í þig með áherslu á samband þeirra tveggja: „Hve um þreyak þig.“<sup>80</sup> Í „Söknuði“ hefur hann enn skerpt tilfinninguna og ástarjátningin er til hennar einnar: „Eina þreyi eg þig.“

### *Hlekki brýt ég hugar*

Kvæðið „Ferðalok“ sem birtist í *Fjölni* 1845, sama vor og Jónas lést, er einnig endurminning, sprottið af aðskilnaði við elskaða konu, sem „hryggur þráir / sveinn í djúpum dali“ (I, 221). Hann er í upphafi hryggur, eins og hyggjuþunga skáldið í „Hulduljóðum“, og hann er einn. Ljóðið er röð mynda sem hann framkallar í huganum af ferðalagi þeirra tveggja um landið löngu fyrr, og þær brjótast fram við tilhugsunina um hana, ímyndað faðmlagið:

Hlekki brýt ég hugar  
og heilum mér  
fleygi faðm þinn í. (I, 221)

78 Dauðamyndin er ekki hjá Goethe. Hún er hins vegar hjá Friederike Brun en í öðru samhengi og varla um áhrif þaðan að ræða.

79 *Eddukvæði* 2001:94.

80 Jónas Hallgrímsson 1965:42.

Þannig felst skáldskapurinn í því að „brjóta hlekki hugans“, kasta af sér yfirborði karlmennskunnar og gefa sig konunni á vald, renna saman við hana, verða hún: „Sökkvi eg mér og sé ég / í sálu þér / og lífi þínu lífi.“ (I, 221) Skáldið huggast við faðmlagið/samrunann, það losnar um kvæðið og myndirnar brjótast fram hver af annarri. Konan sem hann elskar, minnst og saknar er skáldskapargyðja. Eins og í bæði „Hulduljóðum“ og „Grasaferð“ sitja þau saman í hlíð:

Tíndum við á fjalli,  
tvö vorum saman,  
blóm í hárrí hlíð;  
knýtti ég kerfi  
og í kjöltu þér  
lagði ljúfar gjafir. (I, 221)

Blómin sem þau tína „á fjalli“ minna á fjallagrösín í „Grasaferð“, hvort tveggja táknmyndir skáldskapar. Úr blómunum fléttar hann kerfi, ljóðakrans fyrir hana, og hún, skáldskapargyðjan, krýnir hann lárviðarkransinum, algildu tákni skáldskapar, og gerir hann að skáldi: „Hlóðstu mér að höfði / hringum ilmandi / bjartra blágrasa.“ (I, 221)<sup>81</sup> Kransinn er úr blágresi, hann er bjartur og ilmandi. Myndinni tilheyrir konan sem náttúra: „brosa blómvarir, / blika sjónstjörnur“ (I, 222). Þannig horfir hann á hana horfa á sig og ástin er gagnkvæm. Í kvæðinu er mikið um samrunamyndir, hann heldur henni á hesti „í hörðum straumi“, myndhverfða í „blómknapp“ sem hann vildi geta „borið og varið / öll yfir æviskeið“ (I, 222). Þannig þarfnast hún karllegrar verndar eins og blómin og landið í „Hulduljóðum“. Þar sem þau staldra við á einum stað greiðir hann hár hennar, lokkana, sem minna á lokkahöfuð Huldu, tákn kvenleikans og forsendu skáldskaparins í „Hulduljóðum“. Svo miklu máli skiptir þessi minning í „Ferðalokum“ að staðurinn er nefndur með nafni: „Greiddi ég þér lokka / við Galtar“ (I, 222). Það er líka þar sem hún horfir á skáldið brosandí og blikandi augum, og er jafnframt síðasta myndin sem hann framkallar.

81 Um blómagjafir, blómatínslu og blómakransa sem algild tákni skáldskapar, sjá m.a. Cormager 1995:327.

Aðskilnaðurinn er yfirvofandi í kvæðinu öllu, og er tilfinningin orðuð með vísun í samkarlmannlega reynslu í „Hávamálum“, fegruðu orðalagi: „Alls yndi / þótti mér ekki vera / utan voru lífi lifa.“ (I, 222)<sup>82</sup> Sjálf gera elskendurnir sér ekki grein fyrir honum í ferðinni, það gera hins vegar lífguð blómin sem gráta: „Grétu þá í lautu / góðir blómálfar, / skilnað okkarn skildu; / dökk það við hugðum ...“. Táknið, grátinn, skilur skáldið ekki fyrr en seinna. Fjarlægðin frá konunni sem ljóðið byrjar á er ítrekuð í lokin: „Fjár er nú fagri / fylgd þinni / sveinn í djúpum dali.“ (I, 223) Fylgd konunnar, skáldskaparins, er fögur, og ljóðinu er lokið. Ástarstjarnan „yfir Hraundranga“ (I, 221, 223), sýnin sem kveikti á minningunni, og áður „hló á himni“ (I, 221) er þar enn, sjónum hulin og bak við ský. Í síðasta erindinu, í eins konar eftirmála og allt öðrum — og paródískum — stíl, umbreytast elskendurnir í ímyndir, verða líkamslausir „andar sem unnast“, ósýnileg í eilífðinni sem írónískt skilur þau (auðvitað) ekki að.

### *Ástarorðin blessuðu*

Jónas yrkir ekki um nafngreindar konur. Konurnar í kvæðum hans eru ímyndir, tákn þess eftirsóttá: kvenleikans, skáldskaparins, ástarinnar, landsins, og þær eru íslenskar.<sup>83</sup> Í kvæðum hans koma aðeins fyrir tvö kvenmannsnöfn, „Hulda“ og „Ásta“, bæði vísa þau í bókmenntir og eru í fyrirsögnum kvæða.<sup>84</sup> Kvæðið „Ásta“ birtist í *Fjölmi* 1843, og er því, eins og einnig „Ferðalok“, ort á sama tíma og Jónas er að fást við „Hulduljóð“, enda hverfast þau öll um sama efni, skáldskapinn. Eins og þær Hulda og unnustan í „Ferðalokum“ er Ásta skáldskapargyðja. Hún er tungumálið sem skáldskapurinn er búinn til úr, íslenskan, jafnframt því að vera kvæðið sjálft, sam-

82 Sbr. nmgr. 73.

83 Nafngreindar og raunverulegar konur í skrifum Jónasar tilheyra prósanum, bréfum hans til kunningjanna, þær eru líkamlegar, útlenskar, kerlingar, kynferðislegar, ágangar og jafnvel klúrar. Um frekari umræðu og rökstuðning, sjá Svein Yngva Egilsson 1989 og Dagnýju Kristjánsdóttur 1989:348–349.

84 Nafnið Hulda vísar í þjóðsögur og Ásta í þýðingu Sveinbjarnar Egilssonar á kvæði eftir Hóras: „Ásta, ég ann þér; / unntu mér, fagra mær“ (Sveinbjörn Egilsson 1952:67).

nefnd því. Kvæðið er, eins og oftast hjá Jónasi, tal án svars, þar sem spurning og bón skiptast á. Ljóðmælandi er skáld og kvæðið hefst á ávarpi: „Ástkæra, ylhýra málið / og allri rödd fegra!“ Skáldskaparmálið er fögur rödd, það er kvenrödd, hljómur, söngur. Um leið er það persónugert sem elskuð jafnt sem elskandi kona. Andstætt flestum ástkönnum í ljóðum Jónasar er hún nærverandi, ef til vill vegna þess að hún er líka móðir, röddin er „blíð sem að barni kvað móðir“, og móðirin fer ekki fremur en (móðurgert) landið. Tungumálið er „mitt“, málið sem skáldið yrkir á, íslenskan:

móðurmálið mitt góða,  
hið mjúka og ríka,  
orð áttu enn eins og forðum  
mér yndið að veita. (I, 166)

Þannig er kvæðið einnig endurminning, vísar aftur fyrir sig í fyrri kvæði, skáldskapinn í merkingunni yndi, sbr. sögnina „að una“ (eða una við), sem Jónas notar gjarnan um það að yrkja. Í „Ástu“ er skáldskaparmálið bæði mál móðurinnar, móðurmálið (íslenskan), og mál ástarinnar, og eins og í fleiri kvæðum tengist konan, sem skáldið ávarpar, sólinni: „Veistu það, Ásta! að ástar / þig elur nú sólin? / ... skín þér í andlit og ... / vekur þér orð sem þér verða / vel kunn á munni?“ Orðin (ástarinnar, sólarinnar) gefur hún skáldinu í kvæði þess, en það er erfiðleikum bundið, vanda skáldskaparins og skáldsins sem vill yrkja en getur ekki, sbr. „Skáld er eg ei“ í „Hulduljóðum“ og tregðu Jónasar til að takast á við það ljóð.

Kvæðið kallast á við „Kysstu mig aftur“ eftir Bjarna Thorarensen, en það birtist í *Fjölni* 1837. Bæði eru þau þrjú erindi og hátturinn sá sami.<sup>85</sup> Í kvæði Bjarna missir ljóðmælandi málið við kossa unnustunnar, kemur ekki upp orði „af andþrengslum megnum“ og er að kafna. Konuna ávarpar hann Svövu, en nafnið hefur enga myndhverfða merkingu, er bara nafn, að vísu úr eddukvæðum. Kvæðið fjallar hvorki um skáld né skáldskap, og hefur ástkonan ekkert með það að gera, heldur er það um lífið sem „liggur á vörum“

85 Þetta er einnig sami háttur og á kvæði Guðnýjar frá Klömbrum, „Sit ég og syrgi“, hvernig sem þeim tengslum er háttað. Sbr. nmgr. 14.

hennar og sefur þar, og hann biður hana að gefa sér aftur, í mjög svo líkamlegu og allt að því klúru myndmáli:

Veistu nú líf mitt, hin ljúfa!  
þér liggur á vörum:  
Leyfðu að það sofanda sjúgi eg  
úr sólfagra beðnum!  
Láttu ei bana mig bíða,  
eg bið þig, mín Svava!  
Gefðu mér önd mína aftur  
og aftur mig kysstu!<sup>86</sup>

Í síðasta erindi „Ástu“ vísar Jónas í fyrstu línurnar í þessu erindi í kvæði Bjarna, en breytir svo út af í umsnúnu jafnt sem fegruðu myndmáli. Það sem tengir er lífið á vörum unnustunnar. Í kvæði Bjarna er það koss, í kvæði Jónasar orð:

Veistu að lífið mitt ljúfa  
þér liggur á vörum?  
fastbundin eru þar ástar  
orðin blessuðu.  
Losa þú, smámey! úr lási  
lítinn bandingja;  
sannlega sá leysir hina  
og sælu mér færir. (I, 166)<sup>87</sup>

Hér lýsir Jónas sambandi (karl)skálds og konu/skáldskapargyðju á afar frumlegu en flóknu myndmáli, þar sem hver myndhverfingin rekur aðra. Skáldið er „lítill bandingi“ og konan, sem gefur orðin í kvæði hans, er „smámey“, báðum lýst með kvenlegu myndmáli smæðarinnar. Um leið er „bandinginn“ einnig kvæðið sjálf, í nafnskiptu sambandi við skáldið. Smámeyjan, með „ástar orðin blessuðu“ á vörunum, orðin í skáldskapinn, getur ein leyst litla banding-

86 Bjarni Thorarensen 1935:175–176.

87 Hér er sleppt gæsalöppum utan um fimmtu línu erindisins, sbr. frumprentun í *Fjölni* 1843:15, þar sem þær hafa verið settar á vitlausan stað, eiga augljóslega að vera utan um beinu tilvitnunina í Bjarna Thorarensen. Þeim er líka sleppt í seinni útgáfum (sbr. Jónas Hallgrímsson 1913:163; Jónas Hallgrímsson 1929–1937:106) en eru komnar inn aftur í útgáfuna frá 1989:166. Eiginhandarrit er ekki til.

ann, eða „smákvæðið“, sem Jónas kallar svo í öðru samhengi. Þar með leysir hún líka skáldið svo að það getur ort, t.a.m. „Hulduljóð“. Með einu kvæði losna önnur, aðrir bandingjar, fleiri kvæði, og það er í því sem sælan felst, að geta ort.

### *Í öngum mínum erlendis*

Kvæðið sem Jónas kallar „Stökur“ orti hann 21. desember 1844, í myrkasta skammdeginu, síðasta „skemmsta daginn“ sem hann lifði. Það er kvæði um kvæði, en jafnframt um deyjandi skáld, eftirmæli þar sem hann fantaserar um sig í gröfinni. Þetta er eina kvæði Jónasar þar sem „Íslendingur“ er ljóðmælandi, íslenskt skáld. Í kvæðinu lítur hann yfir líf sitt og harmar það sem ekki varð.

Enginn grætur Íslending  
einan sér og dáinn,  
þegar allt er komið í kring  
kyskir torfa náinn. (I, 223)

Þetta er grátljóð Íslendingans yfir sjálfum sér, það grætur hann enginn annar, enda í útlöndum, eins og í orðinu felst. Grátljóð tilheyra kvenlegri skáldskaparhefð sem Jónas hér samsamar sig, en á neikvæðan hátt. Hér er engin „smámey“ að gráta skáldið úr helju eins og í þýðingu hans á „Meyjargráti“ Schillers, engir blómálfar eins og þeir sem gráta í „Ferðalokum“, hvað þá þau Hulda og Eggert sem bæði gráta í „Hulduljóðum“. Í stað faðmlagsins við konuna í „Grasaferð“, „Hulduljóðum“ eða „Ferðalokum“, er hann í gröfinni kysstur af útlendri, kaldri, en kvengerðri torfu sem (írónískt) hlýtur því að elska hann, sú eina sem það gerir. Þannig sér hann sjálfan sig fyrir sér sem lík í erlendri gröf, eins útlægan og hugsast getur.

Kvæðið sprettur úr heimþrá. Þetta er þunglynt kvæði, eins og bæði upphaf „Hulduljóða“ og „Ferðaloka“, og kemur það beinlínis upp á yfirborðið í síðustu kveðju skáldsins til konunnar sem hann elskar og er á Íslandi:

Lifðu sæl við glaum og glys,  
gangi þér allt í haginn;  
í öngum mínum erlendis  
yrki ég skemmsta daginn. (I, 224)

Kvæðið minnir í mörgu á eitt síðasta kvæði Guðnýjar Jónsdóttur frá Klömbrum, samtímaskálds Jónasar, en fyrsta erindi þess hljóðar svo:

Sit ég og syrgi mér horfinn  
sárt þreyða vininn,  
er lifir í laufgræna dalnum  
þótt látin sé ástin.  
Fjöll eru og firnindi vestra,  
hann felst þeim að baki.  
Gott er að sjá þig nú sælan,  
þá sigrar mig dauðinn.<sup>88</sup>

Aðstæður skáldanna eru þó gjörólíkar, karlskáldið Jónas er í stórborg erlendis, en hún kvenskáldið á Melrakkaslétu, einum nyrsta hjara landsins, hann þekktur, hún óþekkt, en bæði deyjandi. Guðný yrkir til eiginmanns síns sem yfirgaf hana, manns sem allir vissu hver var, og hún ásakar hann í ljóðinu. Jónas gefur hins vegar ekki upp nafnið, og hann kennir sér um, karlinn er gerandinn, ástæða ógæfunnar — og í yfirfærðri merkingu — dauðans, í báðum kvæðunum:

Mér er þetta mátulegt,  
mátti vel til haga,  
hefði ég betur hana þekkt  
sem harma ég alla daga. (I, 223)

„Hefði ég betur hana þekkt“ kallast á við sama orðalag um landið/konuna í „Íslands minni“ sem Jónas áminnir Íslendingana um að ekki megi gleyma, hér í viðtengingarhætti, þar sem áminning, staðhæfing, ósk: „Þið þekkið fold með blíðri brá.“ Um leið sækir hann í kvenlega orðræðu Guðrúnar Ósvífursdóttur í *Laxdælu* sem svarar syni sínum í gátu þegar hann spyr hvaða manni hún hafi unnað mest: „Þeim var eg verst / er eg unni mest“,<sup>89</sup> og hefur boðið

88 Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum [1951]:103. Kvæði Guðnýjar birtist fyrst í *Norðurfara* 1848, en gekk áður manna á milli í afskriftum, eins og einnig önnur kvæði hennar, m.a. „Endurminningin er svo glögg“ sem birtist í *Fjölni* 1837. Sjá nmgr. 14.

89 *Laxdæla saga* 1934:228.



upp á endalausar tilgátur um hver það kunni að vera en er þó bara til í texta.<sup>90</sup>

Í stökum Jónasar takast á útlönd og Ísland, myrkur og birta, kuldi og hlýja, vetur og sumar, dauði og líf, og þeim lýkur á eins konar upprisu þar sem hann, íslenska skáldið, fylgir sólinni „heim“:

Sólin heim úr suðri snýr,  
sumri lofar hlýju;  
ó, að eg væri orðinn nýr  
og ynni þér að nýju!

Þetta er ástariátning til lands og konu í senn, kveðja sem um leið er snúið upp á með rómantískri íróníu, upphrópuninni og tvítekningu orðsins nýr, sem skerpir tilfinninguna, og gerir það nýtt. Skáldið kemst ekki en það gerir kvæði hans, sólarljóðið úr gröfinni, um landið, konuna, skáldskapinn, ástina og íslenskasta skáldið, sífellt nærverandi þótt annað sé fjarri.

### *Heimildir*

#### *Óprentaðar heimildir*

Lbs 200 NF. *Bréfa- og handritasafn Halldórs Laxness*. Handritadeild Landsbókasafns.

#### *Prentaðar heimildir*

Adorno, Theodor W. 1958. „Rede über Lyrik und Gesellschaft.“ *Noten zur Literatur*, 73–104. Frankfurt am Main: Suhrkamp Verlag.

*Bárðar saga Snæfellsáss*. 1991. Íslenzk fornrit. XIII. Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Benedikt Gröndal. 1923. *Dægurvöl: Æfisaga mín*. Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar.

Bjarni Thorarensen. 1935. *Ljóðmæli*. I–II. Jón Helgason bjó til prentunar. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

Brun, Friederike. 1795. *Gedichte von Friederike Brun, geb. Münter, herausgegeben durch Friedrich Matthisson*. Zürich: Orell, Gessner, Füssli u. Comp.

90 Um fyrirmyndir Jónasar að hinum og þessum konum í ástarkvæðunum, sem rannsóknasagan hefur verið mjög upptekin af, sjá yfirlit í riti Páls Bjarnasonar (1969:53–59); einnig í bók Páls Valssonar (1999) undir uppsláttarnöfnunum Þóra Gunnarsdóttir, Kristjana Knudsen og Hólmsfríður Jónsdóttir.

- Brynjólfur Pétursson. 1964. *Bréf Brynjólfs Péturssonar*. Aðalgeir Kristjánsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Bunke, Simon. 2009. *Heimweh: Studien zur Kultur- und Literaturgeschichte einer tödlichen Krankheit*. Freiburg in Breslau: Rombach.
- Cormager, Steele. 1995. *The Odes of Horace: A Critical Study*. Oklahoma: University of Oklahoma Press.
- Dagný Kristjánsdóttir. 1989. „Ástin og guð: Um nokkur ljóð Jónasar Hallgrímssonar.“ *Seinni hluti. Tímarit Máls og menningar* 50 (3): 341–360.
- Dagný Kristjánsdóttir. 1992. „Skáldið og konan: Um Hulduljóð Jónasar Hallgrímssonar.“ *Skírnir* 166 (1): 111–132. [Endurpr. í Dagný Kristjánsdóttir. 1999. *Undirstraumar: Greinar og fyrirlestrar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan; einnig í *Undir Hraundranga: Úrval ritgerða um Jónas Hallgrímsson*. 2007. Ritstj. Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag].
- Diggory, Terence. 1979. „Armored Women, Naked Men: Dickinson, Whitman, and their Successors.“ *Shakespeare’s Sisters: Feminist Essays on Women Poets*. Ritstj. Sandra W. Gilbert og Susan Gubar, 135–150. Bloomington og London: Indiana University Press.
- Edda Sæmundar hins fróða*. 1818. Ex Recensione Erasmi Christiani Ras curacit Arv. Aug. Afzelkus. Holmiae: [s.n.].
- Eddukvæði*. 2001. Umsjón Gíslis Sigurðsson. Reykjavík: Íslensku bókaklúbbarnir.
- Eggert Ólafsson. 1832. *Kvæði Eggerts Ólafssonar, útgefin eptir þeim beztu handritum er feingizt gátu*. E[ggert] Jónsson, Th[ómas] Sæmundsson, S[kúli] Thorarensen önnuðust útgáfuna. Kaupmannahöfn: [s.n.].
- Egils saga Skallagrímssonar*. 1933. Íslensk fornrit. II. Sigurður Nordal gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Fjölur*. 1835–1847, 1–9.
- „Fundabók Fjölnisfélags.“ 1926. *Eimreiðin* 32 (3): 260–279.
- Gilbert, Sandra og Susan Gubar. 1979. *The Madwoman in the Attic: The Woman Writer and the Nineteenth-Century Literary Imagination*. New Haven og London: Yale University Press.
- Goethe, Johann Wolfgang von. 1827. *Goethes Werke: Vollständige Ausgabe letzter Hand*. I. Stuttgart, Tübingen: Cotta’sche Buchhandlung.
- Goethe Handbuch*. 1996. Band I. Gedichte. Ritstj. Regine Otto og Bernd Witte. Stuttgart, Weimar: Verlag J.B. Metzler.
- Guðmundur Andri Thorsson. 1990. „Ferðalok Jónasar Hallgrímssonar.“ *Tímarit Máls og menningar* 55 (4): 45–53. [Endurpr. í Guðmundur Andri Thorsson. 1998. *Ég vildi að ég kynni að dansa*. Reykjavík: Mál og menning].
- Guðný Jónsdóttir frá Klömbum. [1951]. *Guðnýjarkver*. Helga Kristjánsdóttir frá Þverá sá um útgáfuna. Reykjavík: Helgafell.
- Guðrún Nordal. 1994. „Hulduljóð.“ *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*. Ritstj. Gíslis Sigurðsson, Guðrún Kvaran og Sigurgeir Steingrímsson, 277–287. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

- Gæa. *Æsthetisk Aarbog*. 1845, 1. Ritstj. P.L. Møller. Kjøbenhavn.
- Halldór Laxness. 1929. „Um Jónas Hallgrímsson.“ *Alþýðubókin*, 75–98. Reykjavík: Jafnaðarmannafélag Íslands.
- Halldór Laxness. 1947. „Um Jónas Hallgrímsson.“ *Alþýðubókin* (2. útg.), 45–61. Reykjavík: Helgafell.
- Hannes Hafstein. 1883. „Um Jónas Hallgrímsson.“ *Jónas Hallgrímsson: Ljódæli og önnur rit*, vii–xlvi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Hannes Pétursson. 1979. „Aldur Ferðaloka.“ *Kvæðafylgslni: Um skáldskap eftir Jónas Hallgrímsson*, 151–186. Reykjavík: Iðunn.
- Helga Kress. 1983. „Kvennabókmenntir.“ *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Ritstj. Jakob Benediktsson, 152–155. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Mál og menning.
- Helga Kress. 1988. „Dæmd til að hrekjast: Um ástina, karlveldið og kvenlega sjálfsmynd í *Tímaþjófnum* eftir Steinunni Sigurðardóttur.“ *Tímarit Máls og menningar* 49 (1): 55–93. [Endurpr. í Helga Kress. 2000. *Speglanir: Konur í íslenskri bókmenntabefð og bókmenntasögu*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum].
- Helga Kress. 1989. „Sáúð þið hana systur mína?“ Grasaferð Jónasar Hallgrímssonar og upphaf íslenskrar sagnagerðar.“ *Skírnir* 163 (2): 261–293. [Endurpr. í Helga Kress. 2000. *Speglanir: Konur í íslenskri bókmenntabefð og bókmenntasögu*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum; einnig í *Undir Hraundranga: Úrval ritgerða um Jónas Hallgrímsson*. 2007. Ritstj. Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag].
- Helga Kress. 1993. *Máttugar meyjar: Íslensk forn bókmenntasaga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helga Kress. 1997. „Kona og skáld.“ *Stúlka: Ljód eftir íslenskar konur*. Helga Kress valdi efnið og bjó til prentunar, 13–102. Íslensk rit 11. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Helga Kress. 2005. „Vísitandi antiregla: Kvenröddin í ljóðum Halldórs Laxness.“ *Heimur ljóðsins*. Ritstj. Ástráður Eysteinnsson, Dagný Kristjánsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson, 167–183. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. [Endurpr. í Helga Kress. 2009. *Óþarfar unnustur og aðrar greinar um íslenskar bókmenntir*. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands].
- Helga Kress. 2011. „Söngvarinn ljúfi: Um myndir og orð í kvæði eftir Jónas Hallgrímsson.“ *Ritið* 11 (2): 83–105.
- Hóras. 1853. *Quinti Horatii Flacci Opera Omnia*. Ritstj. A.J. Maclean. London: Whittaker and Co.
- Ingi Sigurðsson. 1996. *Hugmyndabeimur Magnúsar Stephensens*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jakob Benediktsson. 1961. „Nokkur lýsingarorð hjá Jónasi Hallgrímssyni.“ *Til Kristins E. Andréssonar 12. júní 1961*, 56–68. Reykjavík: [s.n.]. [Endurpr. í Jakob Benediktsson. 1987. *Lærdómslistir: Afmælisrit 20. júlí 1987*. Ritstj. Hall-

- dór Guðmundsson, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Reykjavík: Mál og menning, Stofnun Árna Magnússonar; einnig í *Undir Hraundranga: Úrval ritgerða um Jónas Hallgrímsson*. 2007. Ritstj. Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag].
- Jónas Hallgrímsson. 1847. *Ljóðmæli eptir Jónas Hallgrímsson*. B. Pjetursson og K. Gíslason hafa sjeð um prentunina. Kaupmannahöfn: [s.n.].
- Jónas Hallgrímsson. 1883. *Ljóðmæli og önnur rit eptir Jónas Hallgrímsson*. Ritnefnd Björn Jensson, Hannes Hafsteinn [svo!], Jón Sveinsson, Konráð Gíslason og Sigurður Jónasson. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jónas Hallgrímsson. 1913. *Rit Jónasar Hallgrímssonar*. I: *Ljóðmæli*. Jón Ólafsson og Jón Sigurðsson hafa séð um útgáfuna. Reykjavík: Jóh. Jóhannesson.
- Jónas Hallgrímsson. 1929–1937. *Rit eptir Jónas Hallgrímsson*. I–V. Ritstj. Matthías Þórðarson. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Jónas Hallgrímsson. 1965. *Kvæði Jónasar Hallgrímssonar í eiginbandarriti*. Einar Ól. Sveinsson og Ólafur Halldórsson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Handrita-stofnun Íslands.
- Jónas Hallgrímsson. 1989. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar*. I–IV. Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík: Svart á hvítu.
- Kjartan R. Gíslason. 1964. *Schillers Wirkung auf das Isländische Geistesleben*. Erlanger Beiträge zur Sprach- und Kunstwissenschaft. Band 16. Nürnberg: Verlag Hans Carl.
- Konráð Gíslason. 1984. *Bréf Konráðs Gíslasonar*. Aðalgeir Kristjánsson bjó til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.
- Kreider, Kristen. 2010. „Scrap“, „Flap“, „Strip“, „Stain“, „Cut“: The Material Poetics of Emily Dickinson’s Later Manuscript Pages.“ *The Emily Dickinson Journal* 19 (2): 67–105.
- Laxdæla saga*. 1934. Íslensk fornrit. V. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Matthías Þórðarson. 1937. „Ævi og störf Jónasar Hallgrímssonar.“ *Jónas Hallgrímsson. Rit eptir Jónas Hallgrímsson*. V. Ritstj. Matthías Þórðarson, iii–clxxxix. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Meyer, Herman. 1963. *Zarte Empirie: Studien zur Literaturgeschichte*. Stuttgart: J.B. Metzlersche Verlagsbuchhandlung.
- Moers, Ellen. 1976. „Metaphors: A Postlude.“ *Literary Women*, 243–264. Garden City, New York: Doubleday.
- Mulvey, Laura. 1989. „Visual Pleasure and Narrative Cinema.“ *Visual and Other Pleasures*, 14–29. Houndmills: Palgrave.
- Norðurfari*. 1848, 1. Útgefendur Gísli Brynjúlfsson og Jón Thoroddsen. Kaupmannahöfn: Útgefendur.
- Páll Bjarnason. 1969. *Ástakveðskapur Bjarna Thorarensens og Jónasar Hallgrímssonar*. Studia Islandica 28. Reykjavík: Heimspékideild Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

- Páll Valsson. 1999. *Jónas Hallgrímsson: Ævisaga*. Reykjavík: Mál og menning.
- Ringler, Dick. 1995. „Styð eg mig að steini: Uppruni, þróun og merking ljóðs eftir Jónas Hallgrímsson.“ *Skírnir* 169 (1): 7–31.
- Schiller, Friedrich. 1973. *Sämtliche Werke*. I. München: Carl Hanser Verlag.
- Schiller, Friedrich. 2002. *Über naive und sentimentalische Dichtung*. Ritstj. Klaus L. Berghahn. Stuttgart: Philipp Reclam jun.
- Stark, Susan. 2006. „Women.“ *The Oxford History of Literary Translation in English*. Vol. 4, 1790–1900. Ritstj. Peter France og Kenneth Haynes, 125–131. Oxford: Oxford University Press.
- Sveinbjörn Egilsson. 1952. *Ljóðmæli Sveinbjarnar Egilssonar*. Snorri Hjartarson gaf út. Reykjavík: Mál og menning.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 1990. „Jónas og dönsku jómfrúrnar.“ *Sögur af háaloftinu sagðar Helgu Kress 21. september 1989*. Umsjón Ragnhildur Richter, 81–83. Reykjavík: [s.n.].
- Sveinn Yngvi Egilsson. 1999. *Arfur og umbylting: Rannsókn á íslenskri rómantík*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 2006. „Kveðið eftir Þjóðkunnunni spánsku kvæði: Illur lækur eftir Jónas Hallgrímsson.“ *Skírnir* 180 (1): 133–148. [Endurpr. í *Undir Hraundranga: Úrval ritgerða um Jónas Hallgrímsson*. 2007. Ritstj. Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag; einnig í Sveinn Yngvi Egilsson. 2011. *Textar og túlkun: Greinar um íslensk fræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan].
- Tómas Sæmundsson. 1907. *Bréf Tómasar Sæmundssonar, gefin út á hundrad ára afmæli hans 7. júní 1907*. Jón Helgason bjó til prentunar. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson.
- Víglundar saga*. 1959. Íslenzk fornrit. XIV. Jóhannes Halldórsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Próstur Helgason. 1998. „Íslensk bókmenntagagnrýni.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 28. febrúar.
- Oehlenschläger, Adam. 1805. *Poetiske skrifter*. I. København: [s.n.].
- Oehlenschläger, Adam. 1823. *Samlede Digte*. I. København: [s.n.].

Greinin er að stofni til fyrirlestur sem ég hélt boði Menningarfélagsins Hrauns og Akureyrarstofu á 200 ára fæðingarafmæli Jónasar Hallgrímssonar í Ketilhúsinu á Akureyri 16. nóvember 2007 og með endurbótum á aðalfundi Hins íslenska bókmenntafélags í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík 5. desember 2009.